Regnboginn → Pierre má sannarlega muna fífil sinn fegurri. Um dagana hefur hann notið góðs af gjafmildi eldri herramanna – gegn greiða – en þegar auðugur elskhugi hans deyr, eftir að hafa alið önn fyrir honum í 35 ár, neyðist Pierre til að líta til baka og gera upp líf sitt. Hann hefur verið HIV-jákvæður í aldarfjórðung og heilsan er slæm, en Pierre afþakkar alla lyfjagjöf af ótta við að missa hárið. Á tímamótum togast margt á innra með honum. Hann harmar horfna æsku og hversu illa hann nýtti tíma sinn en skilur jafnframt að nú er tímabært að búa sig undir efri árin. Jacques Nolot leikstýrir og fer jafnframt með hlutverk Pierre.

→ *Pierre is no longer young. He is a former „escort“, now in his late fifties, who finds himself trapped by his past and struggling to cope with the loneliness at the core of his life. This is worsened by the physical deterioration wreaked by ageing and by his long term HIV-positive status. Struggling to shake off his writer's block, he's forced to resist the impulse to cut himself off, until he's pulled out of his solitude by the death of his old friend. Shooting in long takes with a real-time feel, Jacques aims to create a mordantly humorous film. The director also stars in the leading role of Pierre.*

Barcelona (kort) Barcelona (A Map) Barcelona (Un mapa)

Ventura Pons
(ESP) 2007
90 mín, 35mm



Regnboginn → Sex manneskjur hittast í gamalli íbúð í miðbæ Barcelona. Eldri hjón, bróðir eiginkonunnar og þrír leigjendur; ljóshærd kona sem kennir frönsku, öryggisvörður, fyrrum fótboltamaður og ung ófrísk stúlka frá Suður-Afríku. Gamli maðurinn var dyravörður í óperunni og hefur gaman af því að klæðast kvenmannsfötum. Það er hann sem leiðir hópinn saman. En hann er dauðvona og því reynir hann einnig að fá þau til að fara svo hann fái frið síðustu augnablik lífs síns. Fólkið sem hittist í þessari sakleysislegu íbúð í hinni litríku höfuðborg Katalóníu hefur haft kynni af sífjaspelli, samkynhneigð og framhjáhöldum.

→ *Six people meet in an old apartment in the old town of Barcelona. An elderly married couple, the wife's brother and three tenants: a blonde woman who gives French classes, a young security guard, an ex-football player and a young, pregnant girl from South America. The old man was formerly a doorman at the opera and likes to dress up in women's clothes, and he is the one who gets them all together and then asks them to leave as he is going to die and wants to be alone for the last moments of his life. But in this non-descript Barcelona flat incest, homosexuality and adultery are intertwined in the life of these characters living in Catalunya's lively capital.*

Ég hef lengi elskað þig I've Loved You So Long Il y a longtemps que je t'aime

Philippe Claudel
(FRA) 2008
115 mín, 35 mm



Regnboginn → Þetta er önnur mynd leikstjórans og skáldsagnahöfundarins Philippe Claudel. Andrúmsloft myndarinnar einkennist af spennuþrunginni en jafnframt hversdagslegri dulúð. Meðal spurninga sem myndin varpar fram er hversu vel við þekkjum okkar nánustu og hvort við getum fyrirgefið þeim sem við elskum hvað sem er. Myndin segir frá systrunum Juliette og Leu sem hittast í fyrsta sinn eftir fimmtán ára aðskilnað. Önnur systirin býr yfir hræðilegu leyndarmáli en hin er þjökuð af sáru samviskubiti. Í myndinni koma fram sérstæðar persónur eins og mállaus tengdafaðir, léttgeggjaður lögregluþjónn og háskólaprófessor sem einnig á sín leyndarmál. Meira er ekki rétt að segja um myndina til þess að skemma ekki upplifun áhorfandans. Það er svo hans að gera upp við sig hve vel hann þekki sína nánustu og hvort hann geti fyrirgefið þeim allt.

→ *This is the second film of the director and novelist Philippe Claudel. The atmosphere of the film is shrouded in tense yet down to earth mystique. Among the questions the director asks us is how well we know our closest ones and can we forgive those we love anything? The film tells the story of Juliette and Lea, two sisters that after 15 years of separation meet again. One of them has a terrible secret, and the other suffers from terrible guilt. In the film we meet many noticeable characters, such as a speechless father-in-law, an eccentric cop and an university professor that has his secrets as well. More should not be revealed about the film's plot without damaging the viewer's experience. He will have to answer for himself whether he knows his close ones and whether or not he can forgive them anything.*

Blóm á reki Drifting Flowers Piao Lang Qing Chun

Zero Chou
(TWN) 2008,
97 mín, 35 mm



Norræna húsið → Í þessari taivönsku kvikmynd vefur leikstjórinn Zero Chou saman þrjár ástarsögur lesbískra kvenna. Við kynnumst Jing, blindri söngkonu í næturklúbbi, Meigo, litlu systur hennar, og sambandi þeirra við harmónikuleikarann Chalkie sem elst upp í brúðuleikhúsi. Þá fylgjumst við með Lily sem þjáist af Alzheimer og leitar horfinnar ástar í gloppóttu minni sínu og yfirfærir hana á hommann Yen sem hún giftist til að fela samkynhneigð þeirra. Síðan hittum við Chalkie og Lily aftur á yngri árum ásamt fleiri skrautlegum persónum. Í sameiningu skapar myndatökan og persónusköpunin kvikmynd sem á tilgerðarlausan og ástríðufullan hátt rýnir í fegurð og trega tilverunnar og hvernig andstæður hins kvenlega og karllega togast á í lesbískri reynslu kvenna.

→ *In this film the Taiwanese director Zero Chou interweaves the stories of three lesbian relationships exploring the butch/femme interaction with subtle sensitivity. We meet the blind nightclub singer Jing and her little sister Meigo and follow their relationship with the masculine puppet theatre heiress Chalkie. Then we visit the Alzheimer stricken Lily that mistakes her gay husband Yen for her lost butch lover Ocean and witness their fragile moments of togetherness before we are taken back in time to meet the younger Chalkie and Lily and a variety of other characters. The film contemplates the ups and downs of life as well as how the feminine and masculine interact within individuals.*

Góðir kettir

Good Cats

Hao Mao

Ying Liang
(CHN) 2008
103 min, DV Cam

Regnboginn → Góðir kettir gerist í Sichuan-héraði í Kína sem var í fréttum í ár vegna hrikalegra jarðskjálfta á svæðinu. Nafn myndarinnar er tilvísun í orð Deng Xiaopong, fyrrum formanns kommúnistaflokks Kína, sem sagði: „Það skiptir ekki máli hvort kettir séu svartir eða hvítir, svo framarlega sem þeir veiða mýs eru þeir góðir.“

lónó
3.10 | 15:30
Aðalsöguhetjan, Luo, lítur björtum augum fram á veginn þótt hann sé láglaunaður bílstjóri í vinnu hjá spilltum fasteignasala. Tengdaforeldrar hans nöldra sífellt í honum um að hann verði að græða meiri peninga og hætta að reykja. Eiginkona hans vinnur dag og nótt á spítala og hann á í sambandi við vændiskonu á meðan. Góðir kettir er kaldhæðnisleg sýn á kínverskt samfélag sem veltir upp áleitnum spurningum um hvert það stefni, á sama tíma og hún kitlar hláturtaugarnar.

→ *Good Cats happens in the Sichuan region in China which made it into the news this year thanks to a dreadful earthquake. The title of the film is a quote from former communist leader Deng Xiaopong who famously said, "It doesn't matter whether cats are black or white, so long as they catch mice they are good."*

The main character of the film is Luo, an optimistic low-paid driver working for a corrupt real estate agent. His parents in law and wife constantly attack him for not making enough money and for smoking too much. While his wife works day and night at a hospital, Luo is having an affair with a prostitute. Good Cats is an ironic vision of Chinese society that tries to analyse the current mentality of modern China.



Hefnd

Revanche

Götz Spielmann
(AUT) 2008
121 mín, 35mm

Regnboginn → Hefnd er gefin sýn á tvo heima. Annars vegar eru víðáttumiklir skógar og sveitasælan í Austurríki og hins vegar hin spillta veröld vændis og mansals í útjaðri Vínarborgar. Þessir tveir heimar mætast þegar Alex og Tamara fá loks nóg af því að vera föst í feni vændisins og ákveða dag nokkurn að ræna banka. En ekkert fer eins og þau hafa hugsað sér. Lögreglumaður skýtur Tamöru til bana og draumar Alex um nýtt líf eru að engu orðnir. Hann felur sig hjá afa sínum í von um að geta komið fram hefndum á lögreglumanninum. Í Revanche er þannig farið með sígildan efnivið ástar, sorgar og hefnda að seint gleymist.

→ *Revanche shows us two worlds. On the one hand the quiet world of Austrian rural life and on the other, the corrupt world of human trafficking and prostitution at the outskirts of Vienna. These two worlds meet one day when Alex and Tamara decide they've had enough of being stuck and decide to rob a bank. Alex chooses a small bank in a village near his childhood home in the countryside and it seems nothing could possibly go wrong. But things don't go according to plan. Tamara gets shot by a local policeman and with her dies the dream of a normal life for Alex. Instead he hides in his old childhood home with his grandfather in order to plan his revenge. Revanche is a powerful film that takes the classical themes of love, sorrow and revenge, and twists them in a way that the viewer will hardly soon forget.*



Landsbyggðarkennari

A Country Teacher

Venkovský ucitel

Bohdan Slama
(CZE) 2008
113 min, 35mm



Regnboginn → Hæfileikaríkur og gáfaður kennari er ráðinn til skóla í litlu sveitaþorpi. Þar kemst hann í kynni við sautján ára pilt og móður hans. Honum kemur vel saman við móðurina en hefur fyrst og fremst áhuga á syninum. Þegar fyrrum kærasti kennarans kemur til þorpsins áttar hann sig á því að enginn í þorpinu er meðvitaður um samkynhneigð kennarans. Öfundsýki þessa fyrrum elskhuga hrindir af stað atburðarás sem mun draga dilk á eftir sér. Landsbyggðarkennarinn er mynd um höfnun og leitina að ást. Allar persónur myndarinnar bera í brjósti sér leynda drauma og þrár en hafa litla möguleika á að láta þá rætast.

→ *A talented and intelligent teacher is hired at a school in the countryside. There he gets to know a seventeen year old boy and his mother. He likes the mother but is first and foremost interested in the boy. When the teacher's ex-boyfriend arrives to the village he realizes that no one is aware that his former lover is gay. His jealous actions put in motion events that end up putting the compassion and strength of everyone involved to the test. This is a film about rejection and the search for love. All the characters have a secret desire in their hearts that they are unable to fulfill, yet cannot stop dreaming of.*

Lengsta leiðin

The Most Distant Course

Zui yao yuan de ju li

Jing-Jie Lin
(TWN) 2007
110 mín, 35 mm



Regnboginn → Þessi ljúfsára og fallega taivanska mynd segir frá þremur mönnum sem allir þurfa að horfast í augu við óvissu og efa. Sálfræðingurinn A-Tsai er á barmi taugaáfalls, hljóðmaðurinn Xiao Tang er nýbúinn að lenda í sambandsslitum og skrifstofustúlkan Royun var að uppgötva að kærastinn hennar heldur framhjá henni. Þau fara öll í ferðlag til reyna að átta sig á lífi sínu. Leiðir þeirra liggja saman bæði beint og óbeint. A-Tsai og Xiao verða ferðafélagar og Royun er alltaf skrefi á eftir þeim. Þetta er saga um fólk sem vill endurheimta þá hamingju sem það telur sig hafa glatað en veit ekki alveg hvernig það á að fara að því.

→ *This beautiful, bittersweet film tells the story of three people facing uncertainty in their lives. Psychiatrist A-Tsai is on the verge of a nervous breakdown, soundman Xiao Tang has just been dumped by his girlfriend and office worker Royun just discovered that her boyfriend is cheating on her. They all go on a journey of self-discovery and try to understand their lives. Their paths cross both directly and indirectly. A-Tsai and Xiao end up as travelling partners while Royun is always one step behind them. This is a story about people who want to recapture the happiness they believe they have lost but don't quite know how to do it.*



Mín Winnipeg My Winnipeg

Guy Maddin

(CAN) 2007

80 min, Digibeta

**Norræna
húsið**

27.9 | 22:30

Regnboginn

2.10 | 22:00

5.10 | 17:30

Iðnó

29.9 | 15:30

→ Þú ert staddur í lest í kanadískri sveit, þetta er draumur og þú ert á leiðinni til Winnipeg. Minnar Winnipeg. Þannig nálgast Guy Maddin það sem hann kallar „heimildafantasíu“ („docutasia“) um heimabæ sinn, Winnipeg. Hér blandast saman æskuminningar leikstjórans, drukkandi hestar og súrrealískar danssenur í þeirri draumkenndu svart-hvítu veröld sem myndir Maddins eru. Hann fær leikara til þess að leika fjölskyldu sína og leigir æskuheimilið til þess að taka upp. En þetta ástarbréf til borgarinnar er líka kveðja, því leikstjórinn flutti til Toronto þegar hann hafði klárað myndina. „Kanadamenn skortir mýtur,“ segir hann um goðsagnirnar sem hann fjallar um í myndinni, en hann segir landa sína gera of lítið úr eigin goðsögnum á meðan allar aðrar þjóðir ýki þær. Þetta er tilraun Maddin til þess að leiðrétta það.

→ *You're in the Canadian countryside, it's a dream and you're heading to Winnipeg. My Winnipeg. That's how Guy Maddin approaches what he calls a „docutasia“ about his hometown of Winnipeg. Here the director's childhood memories are fused with drowning horses and surreal dance sequences in the dreamy black and white world that so often constitutes the movie landscape of Maddin. He gets actors to portray his own family and rents his childhood home for filming. But this loveletter to the city is also a goodbye, as the director moved to Toronto after finishing the movie. „Canadians lack myths,“ he says about the legends that he tackles in the film, stating that his countrymen make too little of their own myths while other nations tend to exaggerate them. This is Maddin's attempt to correct that.*



Morgunverður með Scot Breakfast with Scot

Laurie Lynd

(CAN) 2007

90 mín, Digibeta

Regnboginn

25.9 | 21:00

Iðnó

Q&A

30.9 | 20:00

5.10 | 13:30

Norræna

húsið

1.10 | 22:30

→ Líf Erics snýst um hokkí. Hann er íþróttafréttamaður og fyrrverandi hokkíleikmaður. Hann vill ekkert endilega fela það að hann sé hommi, það vita það flestir, en þegar hann þarf skyndilega að passa ungan dreng fyrir vinafólk kærasta síns verður hann ofurmeðvitaður um ímynd sína. Drengurinn er nefnilega mun hommalegri en bæði hann sjálfur og sambylíismaðurinn. Eric uppgötvar að strákurinn er góður skautari og þá einsetur hann sér að þjálfra hann í hokkí. Morgunverður með Scot er gamanmynd sem fjallar um fjölskyldutengsl og vandræðagang í hversdagslífinu. Við fylgjumst með baráttu Erics fyrir því að gera Scot karlmannlegri og hvernig ólík viðhorf þeirra verða til þess að þeir taka báðir breytingum.

→ *Eric's life is about hockey. He is a sport journalist and a former hockeyplayer. It's not that he wants to hide that he is gay, most people know that, but when he suddenly has to take care of a young boy for his boyfriend's relatives, he becomes supersensitive about his image. The boy is a lot more „gay“ than both he and his gay partner. But when Eric discovers that Scot can skate he decides to train him in hockey. Breakfast with Scot is a comedy about family-relationships and life's little embarrassments. In it we witness how both characters transform each other through their conflicting worldviews.*



O'Horten

Bent Hamer

(NOR) 2007

90 mín, 35 mm

Regnboginn

25.9 | 21:00

27.9 | 21:30

29.9 | 22:00

2.10 | 19:30

→ Lestarstjórinn Odd Horten er orðinn 67 ára gamall og því kominn á eftirlaunaaldur. Horten hefur alltaf haft hlutina í röð og reglu en furðuleg atburðarrás verður til þess að hann missir af síðustu lestarferðinni sinni. Horten sér fram á breytingar í lífinu og virðist ekki vera viss hvernig hann á að takast á við þær. Hann lendir í ýmsum skrítnum aðstæðum sem allar minna hann á að dauðinn nálgast og að heimurinn hefur breyst. Hann týnir pípunni sinni, sofnar í gufubaði og villist á flugvelli. Þessi gamansama en angurværa mynd er eins konar myndlíking um dauðann, sem allir þurfa að kljást við fyrr eða síðar. Eftir stutt stopp í Hollywood, þar sem hann gerði myndina Factotum, er Bent Hamer aftur kominn til heimalandsins í þessari nýju og stórskemmtilegu mynd.

→ *Train conductor Odd Horten just turned 67 and has reached retirement age. Horten has always lived his life according to order and rules but unusual circumstances cause him to miss his last train trip. Horten is facing big changes and a new life and he's not at all certain about how he should lead this new life. He manages to get himself into many strange situations which all remind Horten that death is approaching and that the world has changed. Horten loses his pipe, falls asleep in a sauna and gets lost at an airport. This humorous yet melancholy film is a metaphor for death, something everyone will have to face one day. After a brief pit stop in Hollywood, Bent Hamer has returned to his homeland, Norway, with this new and highly entertaining film.*



OPNUNA'
MYND
OPENING
FILM

Ópökkaveisla A Feast of Villains Liu Mang De Sheng Yan

Pan Jianlin

(CHN) 2008

85 mín, Digibeta

**Norræna
húsið**

25.9 | 22:30

4.10 | 17:30

Regnboginn

29.9 | 22:00

→ Að sögn leikstjórans sjálfs er ekkert merkilegt við aðalsöguhetju þessarar myndar. Fu Gui fyllir upp í ákveðið pláss í heiminum en gerir lítið annað en það. Í raun er Fu Gui ekkert annað en lúbarinn hundur sem á ekki annað svar við umheiminum en taugaveiklu og ótta.

Í Ópökkaveislu fylgjumst við með örvæntingarfullum tilraunum Fu Gui til þess að útvega þau lyf sem þabbi hans þarf á að halda til að lifa af. Hann fer suður á bóginn til þess að selja úr sér annað nýrað, en það er svindlað illilega á honum og eftir skurðaðgerðina er hann alveg jafn blankur og öðru nýranu fátækari. Þegar hann kemur til baka er faðir hans dauður og hann situr uppi með útfararkostnað sem er meiri en hann hefur ráð á. Ópökkaveisla er tragikómísk sýn á ljótan veruleika.

→ *According to the director himself, there is nothing significant about the main character of this film. Fu Gui fills a certain space but has no understanding of that space. In reality Fu Gui is nothing but a badly beaten dog unable to confront the world with anything but nervous fear.*

Fu Gui badly needs money to pay for his father's medicine. In order to get the money he heads south to sell one of his kidneys illegally but is cheated out of the money. When he returns, his father has died and now he can't even pay for the funeral. A Feast of Villains is a tragicomic take on a grim reality.



Rannsóknarmaðurinn

The Investigator

A nyomozó

Attila Gigor
(HUN) 2008
110 mín, 35 mm

Regnboginn → Þessi spennumynd hefur sópað að sér verðlaunum fyrir handrit, leik og leikstjórn. Í myndinni fylgjumst við með hinum fámála meinafræðingi Tibor Malkáv, en honum hafa orðið á hræðileg mistök. Hann tók að sérað myrða mann gegn greiðslu, en peningana hyggst hann nota til að greiða fyrir krabbameinsmeðferð móður sinnar. Nú leitar Tibor uppi manninn sem réð hann til verksins til að reyna að komast að því hvers vegna hann vill verða valdur að dauða annars manns. Það eina sem hann hefur í höndunum er bréf frá fórnarlambinu, en hann býr yfir óstöðvandi vilja til að komast að sannleikanum. Rannsóknarmaðurinn hefur hlotið mikið lof fyrir frumleika, góðan leik og snjallt handrit.

→ *The Investigator is a Hungarian film made in cooperation with Irish and Swedish producers. This action-drama has received numerous awards for its writing, acting and directing. In the film we follow the investigation of Tibor Malkáv, a silent forensic pathologist who has made a terrible mistake. Hoping to gather enough money to pay for his mother's cancer treatment, Tibor agreed to kill a man. Now he is searching for the man who hired him to find out why the murder of another human being was arranged. He is armed only with a letter from his victim and will to do whatever it takes to get to the truth. The Investigator has received a lot of praise for its originality, good performances and dynamic screenplay.*



Skelfilega hamingjusamur

Terribly Happy

Frygtelig lykkelig

Henrik Ruben Genz
(DK) 2008
90 mín, Digibeta

Regnboginn → Robert, lögreglumaður frá Kaupmannahöfn (Jakob Cedergren, sem lék aðalhlutverkið í Voksne mennesker eftir Dag Kára) flytur í smábæ á Suður-Jótlendi sökum þess að hann er tímabundið færður til í starfi vegna slæmrar hegðunar. Koma ungs manns frá stórborginni færir vafasamt glott á andlit heimamanna. Lögreglumaðurinn fær bráðlega að kynnast síðum staðarins og fer að gruna að sitthvað grunsamlegt leynist á bak við hulu hversdagslegs smábæjarlífsins. En Robert þarf að standa sig og fara einu sinni eftir bókinni – en það er hægara sagt en gert. Myndin er byggð á sögu Erling Jepsen, þess sama og skrifaði bókina sem myndin Listin að gráta í kór var byggð á, og fylgdi hún í fótspor Mýrinnar og vann Kristalshnöttinn á Karlovy Vary hátíðinni síðasta sumar.

→ *A Copenhagen policeman called Robert (Jakob Cedergren, familiar from Dagur Kári's film Dark Horse) moves to a provincial town in South Jutland, where he has been temporarily reassigned after a recent case of professional misconduct. The arrival of the young man from the big city is met by a look of curious satisfaction on the rigid faces of the local inhabitants. The constable is soon confronted with the local customs and begins to sense that troubling secrets lurk behind the façade of what appears to be quite ordinary small-town life. But Robert just needs to do his job and go by the book for once – but that is easier said than done with events conspiring against him. Inspired by the novel by Erling Jepsen (who also wrote the novel on which the successful film The Art of Crying is based). The film won the Crystal Ball at the Karlovy Vary film festival last summer.*



Speglar sálarinnar

Two Looks

Dos Miradas

Sergio Candel
(ESP) 2007
70 mín, Digibeta



Norræna húsið → Sofia og Laura eru ungar vinkonur á ferðalagi og gerist myndin daginn eftir að þær vakna saman eftir viðburðaríka nótt og átta sig á því að allt er breytt. Sögusviðið er eyðimörkin litríka, San Pedro de Atacama í Chile. Myndavélin fylgir stúlkunum eftir á meðan þær reyna að átta sig á því í hvaða farveg samband þeirra er komið í. Þegar þær reyna að púsla saman atburðum næturinnar gera þær sér grein fyrir því að vináttan verður aldrei söm. Hér er rýnt í tungumál hins ósagða og erfiða, og leikstjórnin, Sergio Candel, bíður í vari eftir fágætum augnablikum í ryki eyðimerkurinnar og speglum sálarinnar.

→ *Sofia and Laura are two young friends traveling together in the stunningly beautiful San Pedro de Atacama desert in Chile. Awakening in a desert house upon an eventful night the camera spies on them through the day as they try to come to terms with the new turn their relationship has taken and sort out their tangled emotions. As they puzzle together their memories they come to realize that the old friendship will never come back. A cinematic study of the things not spoken, confessions of the eyes and revelations of the breath. Here we investigate the spaces of silent communication and the passion therein.*

Þar til dauðinn aðskilur okkur

With your permission

Til døden os skiller

Paprika Steen
(DK) 2007
100 mín, 35 mm



Regnboginn → Jan er langóvinsælasti starfsmaðurinn í vinnunni, sem er satt best að segja mjög skiljanlegt í ljósi þess hve illa hann kemur fram við samstarfsfólk sitt. Sú meðferð er þó ekkert samanborið við þá meðferð sem bíður hans sjálfs á hverju einasta kvöldi þegar hann snýr heim til eiginkonu sinnar, hinnar skapmiklu Bente. Hjónabandið er að liðast í sundur þegar yfirmaður Jans ákveður að senda hann í hópmeðferð með sálfræðingi. Þar myndast svo óvæntur vinskapur á milli Jans og tveggja bifvélavirkja, Rudy og Alf. En ef Jan hefði bara vitað af óperuást Alf, og ef Bente hefði vitað hvað Rudy og Alf voru með á þrjónunum, þá hefðu þau aldrei hleypt þeim inná heimilið. En á mörkum tilviljana og örlaga tekur líf þeirra óvænta stefnu.

→ *Jan is by far the most unpopular employee at work, not surprisingly considering how badly he treats his co-workers. But that treatment is nothing compared to the one he receives himself when he goes home at night to his wife, the hot-tempered Bente. The marriage is on the verge of a breakdown when Jan's boss finally sends him into group therapy. There an unlikely friendship emerges between Jan and the two mechanics, Rudy and Alf. Had Jan only known that Alf loved opera, and had Bente known what Rudy and Alf were up to, they would never have let them into their home. On the corner of chance and destiny, their lives take unexpected turns.*

33 atriði úr lífinu

33 Scenes From Life

33 sceny z zycia

Malgorzata Szumowska

(POL) 2008

100 min, Digibeta

Iðnó

25.9 | 22:30

Norræna húsíð

29.9 | 15:30

3.10 | 22:30

4.10 | 20:00

→ Aðalsöguhetjan Júlía hefur hingað til lifað góðu lífi. Hún á góða fjölskyldu og eiginmann, og tryggan frama sem atvinnuljósmyndari eftir þátttöku í stórrí samsýningu. En lífið er hverfult. Stuttu eftir að móðir hennar deyr sekkur faðir hennar í fen alkóhólisma. Eiginmaðurinn er of upptekinn af sínum frama til að hjálpa henni og vonir hennar um heimsfræð sem ljósmyndari gufa upp. Í einmanaleika sínum fer Júlía að halda framhjá. Það dregur dilk á eftir sér og þarf Júlía að gera upp við sig hvaða veg hún vilji feta.

→ This is a film about looking reality in the eyes. Julia has up until now lived a good life. She has a good family and husband, as well as an artistic career on the up. But shortly after her mother dies everything seems to go wrong. Her father turns towards alcoholism and her husband is too occupied to pay attention to her. Her dreams of becoming a world famous photographer evaporate and she feels left alone and depressed. She starts having an affair with an old family friend. But this short-term solution soon starts causing problems on it's own. Now Julia has to make up her mind, whether the path she is going down is worth going further, or if she should turn her life around.



KOMDU OG PRÓFAÐU...

Ekkert hlé á góðum myndum í allan vetur



Steve Coogan fer á kostum sem leiklistarkennari með stóra drauma um eigin leiklistarferil. Sló í gegn á Sundance.



Frá gæjanum sem færði okkur "Super Size Me" kemur næsta stórkostlega ævintýri; leitinn að Osama Bin Laden.



Michael Haneke endurgerir eigin mynd með bandarískum stjörnum og afraksturinn er sem fyrr ekki fyrir viðkvæma.



Metnaðarfullur kennari fær bekkinn sinn með sér í tilraun um einræði en missir fljótt tókin á krökkunum. Er að slá öll aðsóknarmet í Þýskalandi.

VÆNTANLEGAR Í HÁSKÓLABÍÓ

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 Ekkert hlé
Myndin sýnd í einum rykk

2 Minna af auglýsingum
Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3 Engin trúflun
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið

Heimildamyndir í fókus

Bombaðu það!

Ein lína á dag

hlýtur að vera nóg!

Fallegur harmleikur

Heilagt stríð fyrir ástina

Hr. Stór

Hún er strákur sem ég þekkti

Í skugga hinnar helgu bókar

Kattadansarar

Óbugandi

Óbyggða-Gandhi

Sjálfsvígspjónusta

Steinþögn

68-Kynslóðin

Docs in Focus

Bomb It! (US)

A Line a Day

Must Be Enough! (DK/FAR)

A Beautiful Tragedy (NOR)

A Jihad for Love (US)

Mr. Big (CAN)

She's a Boy I Knew (CAN)

Shadow of the Holy Book (FIN)

Cat Dancers (US)

Indestructible (US)

The Frontier Gandhi (CAN)

The Suicide Tourist (CAN)

Stone Silence (POL)

Generation '68 (FRA)

→ Í flokknum Heimildamyndir í fókus eru sýndar nokkrar af athyglisverðustu heimildamyndum samtímans. Úrvalið í ár er fjölbreytt og endurspeglar vel framleiðslu heimildamynda í heiminum þessi misserin. Mikilvægi heimildamynda hefur vaxið á seinni árum, þær hafa meiri áhrif og njóta meiri virðingar en nokkurn tíma fyrr. Áhorfendatölur sýna þetta meðal annars, því fólk er farið að átta sig á að heimildamyndir eru ekki bara fræðandi heldur alveg jafn-skemmtilegar og önnur kvikmyndaform. Myndirnar á hátíðinni spanna vítt svið, allt frá baráttu veggjakrotara fyrir viðurkenningu á listið sinni til áróðursritaframleiðslu í Túrkménistan. Sumar þeirra, svo sem Óbugandi, lýsa á hjartnæman hátt mannlegum harmleik. Það má því segja að í ár sé allt lítróf mannlegra tilfinninga í boði, og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. → In the category “docs in focus” the most interesting documentaries of the film industry today are shown. The diverse selection this year is a good reflection of the growth in documentary making in recent years. Viewers have realized that documentaries aren't just informative but also just as fun as other film art forms. The film themes vary from the graffiti-artist's struggle for recognition to propaganda manufacturing in Turkmenistan. Some of these films, like Indestructible, depict human tragedy in a powerful way.

Bombaðu það! Bomb It!

Jon Reiss

(US) 2007

93 mín, Digibeta

lðnó

26.9 | 22:30

Q&A

1.10 | 20:00

Regnboginn

30.9 | 19:30

Norræna

húsið

5.10 | 20:00

→ Bombaðu það! sýnir okkur hvernig nútíma götulist á rætur sínar að rekja til veggjakrotara í New York sem fundu eigin tjáningarleið, leið fyrir alla þá sem gleymast í risavöxnum stórborgunum til að öskra á umheiminn og afhjúpa hann, afneita viðteknum siðum og vanahugsun. Þessi samskiptamáti hefur nú þróast yfir í margslungna götulist sem hefur breiðst út um allan heim og má nú finna bæði í Amsterdam og Tókýó, í São Paulo og í London. Þessi götulist hefur skapað sér sjálfstæð fagurfræðileg gildi þar sem sniðgengnar eru hefðbundnar listskilgreiningar og forsendur almenningsrýmis. Þessi listgrein fagnar lífinu, raunverulegu lífi, ekki þeirri heimssýn sjálfsblekkingar sem gegnsýrir hina svokölluðu „hreinu“ hluta heimsins.

→ Bomb It! takes the viewer on a journey to the origins of modern street art in New York, where the first tags ushered in a new form of communication, a way for the forgotten people of the sprawling metropolises to scream and reveal what the world is really like, to reject its previously accepted norms. This form of communication has evolved into elaborate street art spread across the continents, from Amsterdam to Tokyo to São Paulo to London. This street art now has its own aesthetic values that question the definitions of art and what makes a space public. It embraces life – true life, not the jaded, self-indulgent views that permeate the so-called clean parts of the world.

Ein lína á dag hlýtur að vera nóg! A Line a Day Must Be Enough! Ein regla um dagin má vera nokk!

Katrin Ottarsdóttir

(FAR/DK) 2008

58 mín, Digibeta

Regnboginn

27.9 | 15:30

lðnó

30.9 | 15:30

Q&A

4.10 | 20:00

→ Hér leikstýrir Katrin Ottarsdóttir annarri myndinni í þrileik sínum um færeyska listamenn og innblástur þeirra. Nú beinir hún sjónum sínum að Tóroddi Poulsen, sem oft er kallaður „svarta pönk-skáldið“. Og jafnvel þótt sú skilgreining sé full þröng þá lýsir hún ágætlega anarkískri, tilraunakenndri og úthugsaðri nálgun hans á ljóðlistinni sem og lífinu og tilverunni. Tóroddur er ekki bara skáld heldur fjölbær listamaður í ýmsum greinum og þegar þú ert með Tóroddi Poulsen verður þú að reikna með því að tíminn líður á þeim hraða sem Tóroddur kys. Ekki hratt, ekki hægt, heldur Tóroddlega. Hugsanir og hugmyndir koma á sínum eigin tíma. Fyrsta myndin í þrileiknum hét Engin kann ger tað perfekta og fjallaði um höggmyndalistamanninn Hans Pauli Olsen.

→ This is Katrin Ottarsdóttir second film in a trilogy of portraits of Faroese artists and their creative urge. The subject this time is Tóroddur Poulsen. He is often characterized as the „black punk-poet“. And even if this characterization may seem too narrow, it rightly describes his anarchistic, experimental and cunning approach to poetry as well as life itself. Tóroddur Poulsen is not only a poet but a multi-artist and when you are with him you have to prepare yourself for the fact that here time goes by at whatever pace Tóroddur wants it to go. Not fast, not slowly, but Tóroddursly. Thoughts and ideas come when they come. The first film of the trilogy was called No one can Achieve Perfection and was about sculpturer Hans Pauli Olsen.

Fallegur harmleikur

A Beautiful Tragedy

David Kinsella
(NOR) 2008
60 mín, Digibeta

lðnð
26.9 | 15:30

Norræna húsið

30.9 | 22:30

Q&A
3.10 | 20:00

→ Nemendur í ballettskólanum í Perm dveljast þar allan ársins hring fjarri foreldrum og öðrum vandamönnum frá níu ára aldri, bæði drengir og stúlkur. Balletthefðin er ströng í Rússlandi. Börnin eru vakni eldsnemma á morgnana og iðka æfingar langt fram á kvöld. Mörg þeirra þjást af lystarstoli eða þunglyndi vegna einangrunar og einmanaleika. Í augum flestra Vesturlandabúa eru förnirnar sem krafist er alltof miklar. Í Rússlandi er ballettinn hins vegar miklu heilagri en bernskan. Ballettinn lifði af keisaraveldið og kommúnismann og hann lifir lýðræðið sennilega af líka. Ballettinn er þjóðarstolt, eina leiðin fyrir suma úr sárri fátækt og æðsta takmarkið í lífi þess sem fær inngöngu í ballettskóla. Í Fallegum harmleik fylgjumst við með Oksönu breytast úr ómótuðum unglingi í fullmótaðan dansara. Getur fegurðin bætt upp þjáningarnar?

→ From the age of nine, girls and boys at the ballet school of Perm stay the whole year away from their parents and other relatives. The Russian ballet tradition is strict and the children wake up early to work out until late in the evening. Some of them are anorexic and/or depressed due to the social isolation. In the eyes of most westerners the sacrifices are not worth the price they pay. But in Russia childhood is not nearly as sacred as ballet. Ballet has survived the tsars, a communist regime and will probably survive democracy as well. Ballet is a matter of national pride and for some it offers the only way out of poverty. In this documentary we follow Oksana from her early adolescence to her life as a fully fledged professional ballerina. But is all the beauty worth the ugliness?

Heilagt stríð fyrir ástina

A Jihad for Love

Parvez Sharma
(US) 2007
81 mín, Digibeta

Norræna húsið

26.9 | 22:30

lðnð

28.9 | 15:30

Q&A
2.10 | 20:00

→ Í heimi múslima er umburðarlyndi gagnvart samkynhneigðum af skornum skammti en samkynhneigð er til þar ekki siður en annars staðar. Líf samkynhneigðra í múslimsku samfélagi er einmanalegt og oft hættulegt. Eftirlit með samkynhneigðum, fangelsun, pyntingar og jafnvel aftökur viðgangast samkvæmt bókstafstúlkun Kóransins. Í Heilögu stríði fyrir ástina er þetta viðkvæma málefni athugað og samkynhneigðir heimsóttir í Íran, Pakistan, Egyptalandi, Frakklandi og víðar. Í myndinni er íslam ekki hafnað eða kennisetningum Kóransins andmælt heldur reynt að finna leið til aukins umburðarlyndis. Í myndinni er leitast við að vísa veg að heimi þar sem múslimar geta lifað í sátt og samlyndi hvað sem kynhneigð og trúarskoðunum líður.

→ In the Muslim world there isn't much in the way of tolerance towards homosexuals but nonetheless homosexuality exists in the Muslim world just as much as elsewhere. Life for homosexuals in the Muslim world is lonesome and often dangerous. Qur'an law allows the surveillance, imprisonment, torture and even execution of homosexuals. A Jihad for Love takes a look at this sensitive subject. It visits homosexuals in places such as Iran, Pakistan, Egypt and France. The film does not try to reject or criticise Islam but seeks to reach greater acceptance within it. It points towards a world where Muslims can live peacefully with others, both homosexuals and those who are not Muslims.



Hr. Stór

Mr. Big

Tiffany Burns
(CAN) 2007
89 mín, Digibeta Cam

Regnboginn

26.9 | 20:00

29.9 | 17:00

30.9 | 22:00

→ Konunglega kanadíska riddaralöggreglan hefur þróað leynilega aðferð til að fá glæpamenn til að játa. Þessi aðferð er kölluð „Hr. Stór“ og hefur reynst vel. Sannleikurinn er þó sá að margir hafa með þessu móti játað á sig glæpi sem þeir frömdu alls ekki. Hinn ungi Sebastian Burns er einn af þeim og Tiffany systir hans ákveður því að rannsaka hvað er á seyði. Tiffany tekur viðtöl við fólk sem hefur lent í sömu aðstæðum og bróðir hennar og smám saman kemur í ljós að þessi aðferð er alls ekki skotheld eftir allt saman. Lögreglan beitir mútum og ofbeldishótunum og oft virðist takmarkið ekki vera að ná hinum seka heldur aðeins að ná einhverjum til að friða förnarlömbin. Litlu skiptir þótt öll sönnunargögn bendi til að hinn grunaði sé saklaus, játningin virðist það eina sem máli skiptir. Þess má geta að íslenski réttarsálfræðingurinn Gísli Guðjónsson kemur fram í myndinni.

→ The Royal Canadian Mounted Police have developed a secret technique to make criminals confess. This method is dubbed “Mr. Big” and has been quite successful. But the truth is that many people have confessed to crimes they did not commit thanks to this technique. Young Sebastian Burns is one of them and his sister Tiffany decides to take a closer look at Mr. Big. Tiffany interviews others who have been through the same ordeal as her brother and it turns out that this technique is not so fireproof after all. The police are simply use violent threats and bribes and their main concern is not so much to catch the guilty one but just to catch somebody so they can make peace with the victims.



Hún er strákur sem ég þekkti

She's a Boy I Knew

Gwen Haworth
(CAN) 2007
70 mín, Beta SP

Regnboginn

27.9 | 22:30

lðnð

2.10 | 22:30

Q&A

3.10 | 17:30

→ Mynd Gwen Haworth segir sögu hennar sjálfrar um breytinguna frá karli yfir í konu. Gwen notar viðtöl við sína nánustu, gamlar fjölskyldumyndir, teiknimyndir og talhólfsskilaboð til að segja sögu sína. Hún lýsir því hvernig henni hefur fundist hún vera kvenmaður í karlmannslíkama allt frá fjögurra ára aldri. Gwen hét Steven þegar hún var karlmaður og Steven hélt því leyndu fyrir öllum að hann vildi vera kvenmaður þangað til hann var kominn á þritugsaldur. Þótt Gwen hafi skipt um kyn og telji sig hafa verið konu í karlmannslíkama laðast hún enn að konum. Gwen var gift(ur) konu meðan hún var enn Steven og þegar hann loks opinberaði leyndarmál sitt upphófust erfiðleikar sem enduðu með hjónaskilnaði. Þrátt fyrir erfiðleikana hefur Gwen ekki látið deigan síga og núna er hún hamingjusöm kona sem er óhrædd við að segja heiminum sögu sína.

→ Gwen Haworth's film tells her own story of how she transformed from a man to a woman. Gwen uses interviews with her loved ones, old home videos, animation and phone messages to tell her story. She describes how she always believed herself to be a woman in a man's body, ever since she was 4 years old. Gwen's name was Steven when she was a man and Steven kept his secret of wanting to be a woman from everyone until he was in his twenties. But even though Gwen changed his/her sex and thought herself to be a woman in a man's body, she is still attracted to women. Gwen was married and when, as Steven, he finally confessed his secret, things got rough and the marriage ended. Despite her troubles Gwen has not given up and is now a happy woman, unafraid to tell the world her story.



Í skugga hinnar helgu bókar

Shadow Of The Holy Book

Pyhän kirjan varjo

Arto Halonen
(FIN) 2007
90 mín, Digibeta

Iðnó
25.9 | 17:30
Norræna húsið
Q&A
1.10 | 20:00
5.10 | 17:30

→ Leikstjórinn Arto Halonen og vinur hans, blaðamaðurinn Kevin Frazier, rannsaka samband nokkurra stórfyrirtækja við einræðisríkið Túrkménistan. Fyrirverandi leiðtogi Túrkménistans, Saparmýrat Níasov (sem kallaði sig Túrkménbasi), skrifaði áróðursbókina Ruhnama (Bók andans) og gerði hana að skyldulesefni í öllum skólum landsins. Nú er þessi bók einskonar biblíja Túrkména. Ýmis stórfyrirtæki hafa látið þýða bókina yfir á heimatungu sína, þótt takmarkaður áhugi hafi reynst fyrir ritinu utan Túrkménistans, og skapa sér þar með tækifæri til viðskipta í Túrkménistan. Arto og Kevin rannsaka siðferðisvitund í þessum fyrirtækjum og reyna um leið að skilja leyndardómana að baki Ruhnama.

→ *In Shadow of the Holy Book director Arto Halonen and his friend, reporter Kevin Frazier, investigate the relationship between a few big corporations and the dictator state Turkmenistan. Former Turkmenistan leader Saparmut Niyazov (also known as Turkmenbashi) wrote the propaganda book Ruhnama and made it mandatory reading in all the schools in the country. Today the book is like the Bible of Turkmenistan. In order to do business in Turkmenistan various large corporations have translated the Ruhmana into their own language, despite little interest in the book outside of Turkmenistan, thus opening up business opportunities with Turkmenistan. Halonen and Frazier investigate the morality of the corporations and also try to understand the mystique behind the Ruhnama.*

Kattadansarar

Cat Dancers

Harris Fishman
(US) 2007
75 mín, Digibeta

Iðnó
25.9 | 20:00
29.9 | 13:30
Regnboginn
30.9 | 17:00
4.10 | 15:30

→ Löngu áður en Siegfried og Roy heilluðu áhorfendur með mögnuðum sýningum sínum voru hjónin Ron og Joy Holiday að skemmta fólki ásamt einhverjum mikilfenglegustu kattardýrum sem sést hafa á sviði. Á sjöunda áratugnum komu Ron og Joy fram sem heimsins fremstu kattaskemmtikraftar. Á níunda áratugnum stækkuðu þau hópinn með því að bæta við hinum heillandi skemmtikrafti Chuck Lizza. Á næstu árum átti hópurinn eftir að þola áföll og missi á meðan þau héldu sífellt áfram að koma fram með einhverja sérstæðustu sýningu heimsins. Harris Fishman festi á filmu sögu þessarar óttalaus og hrifandi kattadansara sem er jafn áhrifamikil og hún er frumleg. Kattadansarar vann Special Jury Prize á SXSW hátíðinni í Austin, Texas.

→ *Long before Siegfried and Roy entertained audiences with their amazing live act, husband-and-wife team Ron and Joy Holiday were performing alongside some of the most magnificent felines ever seen on stage. Ron and Joy established themselves in the 60s as the world's first exotic cat entertainers. Years later, in the 80s, the duo expanded their act into a three-person show with the addition of the charismatic Chuck Lizza. Throughout the years the trio would endure tragedy, heartbreak and loss and still managed to deliver one of the most unique and special shows that existed. Filmmaker Harris Fishman captured these fearless and captivating performers on film and tells their inspirational and highly original story in a very entertaining manner. Cat Dancers won the Special Jury Prize at the SXSW festival in Austin, Texas.*



NORDUR
LANDA
FRUM
SYNING

NORDIC
PREMIERE



Óbugandi


Indestructible

Ben Byer
(US) 2007
113 mín, Digibeta

Norræna húsið
25.9 | 20:00
29.9 | 22:30
Regnboginn
1.10 | 17:00

→ Þetta byrjaði sem vídeódagbók en varð að lokum að einlægri og ástríðufullri frásögn af lífi Bens Byers eftir að hann greindist með ALS, banvænan og ólæknandi taugahrörnunarsjúkdóm. Á þremur árum ferðast Ben um í órvæntingarfullri leit að lausn og talar við annað fólk sem þjáist af þessum hryllilega sjúkdómi. Hann ferðast þvert yfir Bandaríkin og til Kína þar sem hann leyfir sér loks að vona að einhver leið sé til að lengja líf hans. Þar reynir hann bæði fornar jurtalækningar og nýjasta nýtt í stofnfrumuaðgerðum. Að lokum fer Ben til Ísraels og leitar þar andlegrar og tilfinningalegrar kyrrðar og leiðsagnar. Frásögn Bens Byers af eigin lífi, af því að lifa með sjúkdóminn og loks að sættast við hann og eigin örlög ætti að geta veitt þeim sem sjá myndina innblástur til að lifa sínu eigin lífi til fulls.

→ *What started as a series of video diaries became a sincere, passionate and captivating documentation of Ben Byer's life after being diagnosed with ALS, a fatal and incurable neurodegenerative disease. Over the course of three years of travelling and speaking with fellow sufferers of the horrifying disease, Ben Byer searches desperately for answers. His journey takes him across the U.S. to China where he dares to hope for a way to prolong his life through herbal remedies and radical stem cell procedures, and finally to Israel where he searches for spiritual and emotional guidance and solace. Ben Byer's portrayal of his own life, living with his disease and finally his journey to accept the disease and his own fate inspires those who see his film to live their own lives to the full.*



NORDUR
LANDA
FRUM
SYNING

NORDIC
PREMIERE

Óbyggða-Gandhi

The Frontier Gandhi

T.C. (Teri) McLuhan
(CAN) 2008
93 mín, Digibeta NTSC

Iðnó
Q&A
28.9 | 20:00
28.9 | 22:30

→ Það tók 21 ár að safna efni í Óbyggða-Gandhi en myndin segir ótrúlega sögu Badshah Khan, múslímíks friðarsinna sem fæddist inn í það ólýsanlega ofbeldi sem einkennir Pashtun-hermannajöðfélagið við norð-vestur landamæri Pakistan. Mahatma Gandhi sjálfur lýsti afrekum Khan sem kraftaverki, en hann safnaði saman – í þeim suðupotti ofbeldis þar sem nú eru landamæri Pakistan og Afganistan – 100 þúsund manna hóp karla, kvenna og ungmenna sem samastóð af hindúum, múslimum, kristnum, parseum, sikh-um og búddistum. Í samvinnu við Gandhi barðist hann fyrir frelsi Indlands og fyrir friði og réttlæti til handa öllu mannkyni. Indverski leikstjórinn Om Puri ljær Khan rödd sína, en Khan lést 98 ára að aldri árið 1988.

→ *Twenty-one years in the making, The Frontier Gandhi tells the extraordinary story of Badshah Khan, a unique Muslim peacemaker born into the unimaginable violence of Pashtun warrior society of Pakistan's North-West Frontier. His achievements were pronounced "a miracle" by Mahatma Gandhi himself, but Badshah Khan raised – in the heart of violence on what is now the Afghan/Pakistan border – a 100,000 strong nonviolent army of men, women, and youngsters that was comprised of Hindus, Muslims, Christians, Parsees, Sikhs, and Buddhists. In partnership with Gandhi he worked for the freedom of India and fought for justice and peace for all humanity. Notable Indian actor Om Puri provides the voice of Khan, who passed away at the ripe old age of 98 in 1988.*



HEIMS
FRUM
SYNING

WORLD
PREMIERE

Sjálfsvígspjónusta The Suicide Tourist

John Zaritsky
(CAN) 2007
90 mín, Digibeta

Iðnó
Q&A
26.9 | 20:00
4.10 | 17:30

**Norræna
húsið**
28.9 | 17:30

→ Hér segir frá Dignitas-stofnuninni í Sviss, eina staðnum í heimi þar sem fólk getur komið til að fá aðstoð við að fremja sjálfsvíg. Stofnandi Dignitas, Ludwig Minelli, telur að sjálfsvíg sé sjálfsögd mannréttindi við vonlausar aðstæður. Hann hefur aðstoðað um 500 manns frá 40 ríkjum. Myndin fylgir eftir tveimur mönnum sem vilja binda enda á líf sitt með hjálp Dignitas. Kona annars þeirra vill einnig fremja sjálfsvíg þar sem hún telur sig ekki geta lifað án mannsins síns, þótt sjálf sé hún fullkomlega heilbrigð. Við fylgjumst með samskiptum þeirra við Dignitas og kynnumst lífsviðhorfi þeirra. Fólkíð sér ekki ástæðu til að lifa lengur og sér enga aðra leið færa en að binda enda á líf sitt.

→ *This documentary is about the Dignitas foundation in Switzerland: the only company in the world where people can come to receive assistance in committing suicide. The founder of Dignitas is Ludwig Minelli and his view is that suicide is a basic human right if the situation is drastic enough. He has assisted more than 500 people from over 40 countries in committing suicide. The film follows two men who wish to end their lives with the help of Dignitas. The wife of one of them would also like to end her life even though she is perfectly healthy since she thinks she can't live without her husband. We follow these people through the process of dealing with Dignitas and hear their views on life. These are people who don't see a reason to live and see no other way out.*



Steinþögn Stone Silence Kamienna Ciszka

Krzysztof Kopczynski
(POL) 2007
51 mín, Digibeta

Regnboginn
28.9 | 15:30
1.10 | 22:00

Iðnó
2.10 | 13:30

→ Árið 2005 var hin 29 ára gamla Amína grýtt til bana í Afganistan fyrir að hafa haldið framhjá manni sínum. Amína var þvinguð til hjónabands og undi hag sínum illa. Hún varð ástfangin af öðrum, flúði að lokum til hans en var að lokum grimmilega refsað fyrir að láta undan tilfinningum sínum. Í myndinni er rætt við fjölskyldu Amínu, vini hennar og vandamenn og reynist málið afar undarlegt. Hér er athugað hvers vegna Amína var myrt en Steinþögn er líka mynd um sannleikann og áreiðanleika hans, og ekki síst saga um mannlegt eðli.

→ *In 2005, 29-year-old Amina from Afghanistan was stoned to death for the crime of adultery. This film tells her story. Amina was forced into a pre-arranged marriage which did not make her happy. Amina fell in love with another man and eventually went to him. She was punished for giving in to her emotions. In the film members of Amina's family and her friends are interviewed and, to put things mildly, the case turns out to be quite strange. Stone Silence does not just look at why Amina was murdered but is also a story about truth and it's reliability, not to mention a story about human nature.*



68-Kynslóðin Generation '68 Générations '68

Simon Brook
(FRA) 2008
53 mín, Digibeta

Regnboginn
27.9 | 17:30
Iðnó
Q&A
29.9 | 17:30
2.10 | 17:30

→ „Fólk talar um árið 1968 eins og það sé að tala um lifandi persónu,“ segir í upphafi þessarar heimildarmyndar þar sem Vaclav Havel, Dennis Hopper, Milos Forman, Annie Nightingale, Jean-Claude Carrière og fleiri rifja upp þetta tímamótaár. Við sjáum gamlar fréttamyndir og tvö fyrstu skot myndarinnar sýna ofbeldi á götum Parísar og nakta konu á strönd. Hér rifjar Vaclav Havel upp þegar hann keypti sína fyrstu Lou Reed plötu í Bandaríkjunum og Dennis Hopper talar um uppreisnina sem hreyfiafl mannkynssögunnar – en um leið hvernig uppreisnin dæmir mannkynið til þess að fara í endalaus hringi. Upphaf kynslóðarinnar er þó rekið enn lengra aftur í tímann, til bitskaldanna sem voru mest áberandi áratug fyrr.

→ *„People talk about the year 1968 as if they were talking about a living person,“ is stated at the start of this documentary, where Vaclav Havel, Dennis Hopper, Milos Forman, Annie Nightingale, Jean-Claude Carrière and others reminisce about this seminal year. We see old news footage and the first two scenes of the film depict the violence on the streets of Paris along with a naked woman on a beach. Here Vaclav Havel reminisces about buying his first Lou Reed album in the US and Dennis Hopper talks about being the thing that revolution spurs history on – but also about how that same revolution makes mankind move in endless circles and cycles. Then the origin of the generation is traced even further back, to the beatniks that were in their prime a decade earlier.*



BLUE LAGOON
ICELAND



Energy for life through forces of nature

Blue Lagoon is open daily year round.
Ideally located, only 20 minutes from Keflavík
International Airport and 45 minutes from Reykjavík

www.bluelagoon.com





42 → 48

nýr.heimur

world.changes

Flæði: Í vatnsins nafni**Hvislið í trjámum****Í leit að goðsögn****Um vatn:****Fólk og gular dósir****Upp Yangtze-fljótið****Rusliddarinn****Pungur róður****Síðasta heimsálfan****Ísskápurinn****Sagan um hlutina****Útvarp Norðurpóll**

FLOW: For Love of Water (USA)

The Whispering of the Trees (GER)

In Search of a Legend (POL)

About Water:

People and Yellow Cans (AUT)

Up the Yangtze (CAN)

Garbage Warrior (UK)

Upstream Battle (GER)

The Last Continent (CAN/FRA)

The Fridge (CZE)

The Story of Stuff (US)

Polar Radio

→ Sérstök áhersla er lögð á umhverfismál á hátíðinni í ár, en óhætt er að segja að þau brenni á heimsbyggðinni um þessar mundir. Heimildamyndaflokkurinn nýr. heimur er nýr flokkur á hátíðinni og var stofnaður til þess að fjalla um þetta mikilvæga málefni og til þess að rýna í ýmsa þætti þess. Þetta er breiður flokkur og fjallar bæði um mikilvægi vatns og vatnsbúskapar til einstakra lífnaðarháttar frumbyggja í Suður-Ameríku, og myndirnar eru jafnheillandi og áhrifaríkar og þær eru fjölbreyttar.

Til þess að undirstrika mikilvægi umræðu um umhverfismál verða sýndar á undan öllum myndum hátíðarinnar í ár örmyndir sem fjalla um loftslagsbreytingar. Myndirnar eru sýndar í samstarfi við menningarstofnunina Lincoln Center í New York, en um er að ræða svokallaðar „Public Service Announcements“. Örmyndirnar fjórar takast allar á við loftslagsvandann, hver á sinn hátt. „Reykblástur“ eftir Jonas Mayabb og „Stuðningsfundurinn“ eftir Alice Park skoða kómísku hliðina en „Kæruleysi“ eftir Hugo Stenson og „Flutningsdagur“ eftir Gregg Casson takast á við sorglegar afleiðingar gróðurhúsaáhrifanna.

Allar þessar myndir miða að því að vekja til meðvitundar og hvetja til aðgerða í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum. → There is a special emphasis on environmental issues at the festival this year. The new category, world.changes, was created to tackle this urgent issue and to delve into as many aspects of it as possible. The films in this category take on everything from the importance of water to the unique ways of living at aboriginal tribes in South America. They are as influential and inspirational as they are diverse.

The Lincoln Center in New York offers screenings of four Public Service Announcement (PSA's) microfilms before every film in the festival. It is becoming increasingly clear that the human race as a whole is confronting a serious pollution problem called global warming. The four microfilms all deal with the problem in its own way. "Blowing Smoke" by Jonas Mayabb and "The G.G. Meeting" by Alice Park point out the comic side, while "Apathy" by Hugo Stenson and "Moving Day" by Gregg Casson deal with the tragic consequences. The point of all these films is increasing our awareness and inspiring us to take action.

**Metan hf. leggur þessum flokki hátíðarinnar lið.**

Metan hf. is the sponsor of this category.

hreyfimynd
náttúrunnar

metan - ódýrt, innlent, vistvænt eldsneyti.



Flæði: Í vatnsins nafni FLOW: For Love of Water

Irena Salina

(US) 2008

93 mín, Digibeta

**Norræna
húsið**

25.9 | 17:30

28.9 | 20:00

Iðnó

3.10 | 13:30

→ Vatn er grunnfarsenda alls lífs og án þess væru engar plöntur eða dýr á jörðinni. Vatnsbirgðir jarðarinnar eru ekki bara í hættu, heldur er þegar skolið á kreppuástand í þeim efnum víðsvegar um hnöttinn. Í FLOW: For the Love of Water er þetta vandamál í brennidepli. Meðal annars er fylgst með afrískum pípulagningarmönnum sem keppast við að tengja vatnsæðar í fátækrahverfi stórborgar til að reyna að halda lífi í heilu samfélagi, vísindamanni í Kaliforníu sem reynir að vekja fólk til meðvitundar um hve eitruð almenningvatnsból eru, indverskum "vatnsgúrú" og kanadískum rithöfundum sem kemur upp um gróðahyggju stórfyrirtækja sem stjórna vatnsmörkuðum. Hérna er hið viðkvæma samband mannskepnunnar og vatnsins skoðað og reynt að sýna fram á að það er kominn tími til að gera eitthvað í vatnsvandamáli jarðarinnar.

→ *Water is essential to all life: without it there would be no plants, no animals. Water supplies are not only at risk today, but already in crisis in several places across the globe. This disturbingly real problem is confronted in FLOW: For Love Of Water. The film shows us, among other things, African plumbers reconnecting shantytown water pipes to try and ensure survival for an entire community, a Californian scientist trying to force awareness of shockingly toxic public water sources, a "water-guru" in India and a Canadian author uncovering the corporate profiteering that drives the global water business. This is a look at the delicate relationship between human life and water and an attempt is made to show that something must be done about the global water crisis.*



Hvíslið í trjánum The Whispering of the Trees El susurru de los árboles

Tom Lemke

(GER) 2007

55 mín, Digibeta

Regnboginn

28.9 | 22:30

Iðnó

1.10 | 13:30

5.10 | 15:30

→ Í suðurhluta Chile býr fámennur ættbálkur sem nefnir sig eftir tré, Mapuche pehuenche – Fólk furuhnetunnar. Furuhnetan er ávöxtur aruacana-trésins. Þessi ávöxtur hefur verið lífsviðurværi ættbálksins margar aldir. Nú horfir öðruvísi við. Hin svokallaða siðmenning hefur hafið innreið sína í samfélag Pehuenche-fólksins og lifnaðarhættir þess hafa þegar tekið breytingum. Myndin segir sögu ættbálksins með því að sýna líf einnar fjölskyldu. Hún viðheldur gamallri hefð Pehuenche-fólksins með því að fara út í frumskóginn og klifra upp 30 metra há aruacana-trén til að tína ávexti þess. Furuhneturnar eru enn lifibrauðið á þessum slóðum og þrátt fyrir innreið nútímans og kapítalismans í líf Pehuenche-fólksins berst það ennþá fyrir því að varðveita lifnaðarhætti sína og menningu.

→ *In southern Chile lives a tribe which draws its name from the Mapuche Pehuenche tree: The People of the Pine Nut. The pine nut is the fruit of the Aruacana tree. This particular fruit kept the people of this tribe alive for many centuries. But today things look different. Civilization has invaded the Pehuenche community and their lives have already changed. The film tells the story of these people through one family. They preserve the old tradition of the Pehuenche by going out into the jungle and climbing up the 30-metre Aruacana tree to pick the pine nuts. Today, the nuts are still the main livelihood of the people and despite the invasion of modernity and capitalism the people still fight to keep their culture alive.*



Í leit að goðsögn In Search of a Legend W poszukiwaniu legendy

Konstanty Kulik

(POL) 2007

48 mín, Betacam SP

Regnboginn

28.9 | 22:30

Iðnó


Q&A

29.9 | 20:00

5.10 | 15:30

→ Einn daginn ákváðu Konstanty Kulik og félagar hans að sigla yfir Norðurskautið. Þau gripu með sér myndavélar, hoppuðu upp í skútu og lögðu af stað í mikla ævintýraferð, þriggja mánaða ferðalag, laus við áhyggjur daglegs lífs. Slík ferð var eitt sinn talin ómöguleg en það hefur nú breyst vegna gróðurhúsáhrifanna. Áhöfnin er sögð sú yngsta sem tekist hefur slíka ferð á hendur, og á leiðinni kynnast þau ýmsum áhugaverðum einstaklingum og kljást við óblíða náttúruna. Þau kynnast fólki sem lifir lífinu samkvæmt eigin reglum, inúitum sem senda börnin sín á selveiðar á daginn en á kvöldin setjast krakkarnir við Playstation-tölvuna sína og senda vinunum SMS.

→ *One day Konstanty Kulik and his friends decided to sail across the arctic. They grabbed their cameras, hopped aboard a yacht and set sail, commencing an adventurous journey. A three-month trip away from everyday worries. This is a trip once thought impossible but, thanks to the green house effect, is now viable. The crew is said to be the youngest in the world and on their way they encounter various interesting people and have to deal with mother nature. They meet people who fight for their livelihood according to their own rules, Inuits who send their children to hunt seals for food during the day and then in the evening the kids play games on their computer and exchange text messages.*



Um vatn: fólk og gular dósir About Water: People and Yellow Cans

Udo Maurer

(AUT) 2007

83 mín, Digibeta

Iðnó

26.9 | 17:30

Regnboginn

28.9 | 20:00

2.10 | 17:00

→ Allt líf á plánetunni Jörð byggist á vatni. Um vatn fjallar um hvernig vatnið mótar lífið á jörðinni, nærir það og eyðir því, hvernig maðurinn berst ýmist gegn ágangi vatns eða berst fyrir því að afla vatns. Í Bangladesh snýst aðalbaráttan um að hemja vatnið, í kringum Aralsk-svæðið í fyrrum Sovétlýðveldum Mið-Asíu er allt reynt til að forða vatninu frá því að hverfa. Í fátækrahverfum Naíróbí er barist grimmilega um örfáa dropa af tæru drykkjarvatni.

Heimildamyndin kannar mikilvægasta þátt mannlegrar tilveru og stærstu umhverfisvandamál okkar tíma. Hún leiðir okkur um súrrealískar skipaeyðimerkur Kazakstan, fljótandi bæi Bangladesh og þröng stræti Naíróbí. Um vatn sýnir okkur vatn í nýju ljósi og breytir hugmyndum okkar um fyrirbæri sem við tökum sem sjálfsögðum hlut.

→ *Water is part of all life on the planet. About Water shows how water shapes life on earth, nourishes it and destroys it. In Bangladesh the main struggle is about keeping water away, around the Aralsk area in the former Soviet republics of Central Asia people fight to keep the water from disappearing. In the poorest districts of Nairobi battles are waged for just a few drops of clean drinking water.*

The documentary explores the most important side of human existence as well as the biggest environmental problem of our times. It takes us through the surrealist ship deserts of Kazakhstan, the floating towns of Bangladesh and the narrow streets of Nairobi. About Water shows us water in a new light and changes our ideas about a phenomenon we take for granted.



Upp Yangtze-fljótið Up the Yangtze

Yung Chang
(CAN) 2007
93 min, Digibeta

Iðnó
Q&A
30.9 | 17:30
5.10 | 20:00

**Norræna
húsið**
2.10 | 17:30

→ Kapítalisminn hefur hafið innreið sína í hið kommúníska Kína. Stærsta stífla sögunnar, “Þriggja gljúfra stíflan” er um það bil að gjörbreyta hinu goðsagnakennda Yangtze fljóti. Fljótið hefur lengi verið talin eitt helsta náttúrundur Kína. Á bökkum hennar býr fjöldi fólks sem neyðist til að flytja burt áður en áin flæðir yfir heimili þeirra. Ein þeirra er hin unga Yu Shui. Hún neyðist til að fá sér vinnu á lúxussiglingabát sem siglir niður Yangtze ána með ferðamenn. Yu Shui er því að vinna fyrir það afl sem senn leggur heimili hennar í rúst. Í lúxussiglingum þessum mætast gamla og nýja Kína, enn hið nýja sem gerir allt til að þóknast ferðamönnum þar sem þeir færa Kína tekjur.

→ *Capitalism has made its way into communist China. The mythical Yangtze river is about to change, thanks to the biggest hydroelectric dam in history, the “Three Gorges” dam. The river has for a long time been one of China’s greatest natural wonders. Many people that live on its banks will be forced to move when their homes will be flooded. Amongst them is the young Yu Shui. She has been forced to take a job on a luxury cruise boat which navigates down the Yangtze with tourists. Yu Shui is thus working for the powers that soon will cause the destruction of her home. Likewise the old and the new China meet in these cruises. The new China does anything to please valuable tourists.*



Ruslriddarinn Garbage Warrior

Oliver Hodge
(UK) 2007
86 mín, Digibeta

Regnboginn
4.10 | 20:00

→ Hvað eiga bjórdósir, bíldekk og vatnsflöskur sameiginlegt? Ekki mikið nema þú sért óhefðbundinn arkitekt á borð við Michael Reynolds, en þá eru áður nefndir hlutir efniviður til þess að skapa jarðvarmahituð og orkusparandi hýbýli. Um 30 ára skeið hafa Reynolds og lærisveinar hans unnið að „Earthship Biotechture“ í Nýju-Mexíkó. Þar er átt við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga þar sem hönnun og notagildi renna saman á vistvænan hátt. En þessar tilraunir þeirra rekast á við þau lög sem eru í gildi í fylkinu og það veldur spennu á milli Reynolds og yfirvaldanna sem eru á bandi stórfyrirtækjanna. Reynolds berst gegn þessari úreltu löggjöf, berst fyrir réttinum til þess að gera tilraunir með sjálfbært samfélag. Á meðan stjórnmálamenn draga lappirnar tekur náttúran til sinna ráða og heilu samfélögin lamast vegna flóða og fellibylja.

→ *What do beer cans, car tires and water bottles have in common? Not much unless you’re renegade architect Michael Reynolds, in which case they are tools of choice for producing thermal mass and energy-independent housing. For 30 years New Mexico-based Reynolds and his green disciples have devoted their time to advancing the art of “Earthship Biotechture” by building self-sufficient communities where design and function converge in eco-harmony. However, these experimental structures that defy state standards create conflict between Reynolds and the authorities, who are backed by big business. Frustrated by antiquated legislation, Reynolds lobbies for the right to create a sustainable living test site. While politicians drag their feet, Mother Nature strikes, leaving communities devastated by tsunamis and hurricanes.*



Þungur róður Upstream Battle Stromaufwärtz

Ben Kempas
(GER) 2008
97 min, Digibeta

Iðnó
26.9 | 15:30
1.10 | 17:30
4.10 | 13:30

→ Í Norður-Kaliforníu búa nokkrir indíánaættbálkar sem eru meðal fárra ættbálka í Bandaríkjunum sem hafa náð að halda menningu sinni lifandi gegnum aldirnar. Þetta eru Karuk, Yurok og Hoopa ættbálkarnir sem allir hafa lifibrauð af Kyrrahafslaxinum svokallaða, sem syndir um í Klamath ánni. En þessa dagana er lifibrauð þeirra í hættu sökum stíflu sem byggð hefur verið við Klamath ána. Laxarnir eru að deyja og því vilja indíánarnir láta fjarlægja stífluna. Þeir þurfa að berjast við PacifiCorp samsteypuna og reynist það síður en svo auðveld barátta. Kvikmyndagerðarmaðurinn Ben Kempas fylgdi indíánunum eftir í 2 ár á meðan þeir bördust fyrir laxinum og veitir athyglisverða innsýn inn í líf þeirra og siði.

→ *A group of indian tribes living in Northern California counts among the few Native American tribes that have kept their traditions alive throughout the centuries. They are the Karuk, Yurok and Hoopa tribes. The pacific salmon, which swims in the Klamath River, has always been part of their livelihood but today things have changed and their livelihood is in danger because of a dam that has been built by the Klamath river. The salmon is dying and thus the Indians want the dam removed. They have to fight with the PacifiCorp corporation for their fish and that will not be an easy fight. Filmmaker Ben Kempas followed the indians for two years while they fought for their salmon and received an interesting glimpse into their lives and traditions.*



Síðasta heimsálfan The Last Continent Mission Antarctica

Jean Lemire
(CAN / FRA) 2007
120 Min, Digibeta

**Norræna
húsið**
26.9 | 13:30
1.10 | 17:30
Regboginn
29.9 | 19:30

→ Þessi frásögn af hetjudáðum vísindamannanna á Sednu IV er sögð af leikaranum Donald Sutherland. Myndin fylgir för manna sem hætta lífi sínu á Suðurskautslandinu í heilt ár, fjarri umheiminum. Markmið þeirra var að kanna áhrif gróðurhúsáhrifa á jarðkringluna og er myndin afrakstur þess. Hér eru orrusturnar við móður náttúru sýndar og er myndin full af áhrifaríkum myndum sem fanga hið grimma og um leið hið fallega landslag Suðurskautslandsins, grimmusta álfa veraldar. Við fyrstu sýn mætti halda að þetta væri dæmigerð heimildamynd en þetta verður átakanleg lífsreynsla, bæði fyrir áhorfandann og meðlimi áhafnarinnar. Þetta er ævintýri sem Hollywood gæti seint endurskapað.

→ *Narrated by Donald Sutherland, this documentary tells the story of a dedicated group of scientists on Sedna IV who set out to the Antarctic for a year, completely isolated from the world. Their goal was to assess the threat of global warming and its effects on Earth. This film is a result of the work and all the hardship endured by the team when facing off against Mother Nature. The film is full of riveting images that capture the cruel yet serene landscape of the harshest of all continents. What might at first seem to be a straightforward documentary turns out to be a harrowing experience, both for the viewer and the members of the crew that set out on this mission. Quite frankly an adventure story that Hollywood could not recreate.*



Ísskápurinn The Fridge

Lucie Stamfestóva
(CZE) 2007
7 mín, DVD




Iðnó → Maður einn gleymir að loka ísskápnum sínum. Við það fer örloftslagið í honum að taka breytingum. Grænmetið fer að spíra og egg klekjast út. Síðan hitnar ljósið og allt fer að þorna og rotna. Dósir springja og mygla breiðist út um allt. Hér er á ferðinni skemmtileg myndlíking um gróðurhúsaáhrifin.

Regnboginn → *A man forgets to close his fridge. This causes changes in the micro climate inside. The vegetables start sprouting and eggs start hatching. Then the light heats up and everything spoils and dries up. Cans explode and mold spreads all over the place. This is an amusing metaphor about the green house effects.*

Sagan um hlutina The Story of Stuff

Louis Fox
(US) 2007
21 mín, DVD




Regnboginn → Sagan um hlutina segir frá því hvernig hlutir eru teknir úr náttúrunni, framleiddir, nýttir og síðan hent. Myndin segir á fræðandi en jafnframt skemmtilegan máta frá því hvernig tengslin eru á milli allra þessara þátta og færir fram í dagsljósið sannleikann á bak við neylusamfélagið.

Iðnó → *The Story of Stuff is about how things are distracted from nature, produced, consumed and then thrown away. The film tells in an educational yet still entertaining manner how all these factors connect and brings into light the truth behind consumer society.*

Vatnshjarta Waterheart

Polar Radio
Rikke Houd & Sabine Hviid
Norræna húsið
45 mín
3.10 | 13:30



→ Á hverri hátíð býður kvikmyndahátíð upp á eitthvað nýtt og í þetta skipti er útvarpsþáttur hluti af dagskránni. Útvarp Norðurpóll er hluti af alþjóðlegu verkefni sem er tileinkað unglingum sem búa á heimsskautssvæðunum. Þetta verkefni nær til Íslands, Færeyja, Grænlands og Kanada, og stefnir til Síberíu og Alaska. Verkefnið felst meðal annars í því að þjálfá hóp unglunga í notkun tækja til útvarpsupptöku, og gefa þeim síðan lausan tauminn.

Í þættinum Vatnshjarta frá Norður-Kanada taka unglingar í þorpi frumbyggja viðtöl við rosíð fólk sem segir þeim frá lífi sínu og vinnu í úrannámu nálægt heimaslóðunum.

→ *Every year the festival offers something new. In this a radioshow is a part of the program. Waterheart is part of an international project dedicated to teenagers living in the Arctic regions. This project has been active in the Faroe Islands, Iceland, Greenland and Canada, and is intent on exploring Siberia and Alaska as well.*

Part of the project consists of training teenagers in all the tools of radiorecording. They are then free to go and exploit these tools. In Waterheart we get to know the elders of a small village in Northern Canada that used to be stationed near an uranium mine.

"They put on such a beautiful meal for us. We had the most amazing freshest fish I've ever had in my life. It was all so perfectly cooked too...Beautiful!"

Jamie Oliver's Diary

L A P R I M A V E R A
R I S T O R A N T E

Austurstræti 9, Reykjavík Tel: 561 8555



50 → 52

Sjónarrönd: Argentína

Horizon:
Argentina

Bræðin
Ljónagryfjan
Regn

The Fury (ARG)
Lion's Den (ARG)
Rain (ARG)

→ Að spegla samtímann hverju sinni

Við Corrientesgötu í Buenos Aires eru kaffihús á hverju götuhorni. Á milli þeirra eru menningarmiðstöðvar, bókabúðir og kvikmyndahús. Þarna er vagga menningarlífs borgarinnar, flest opið 24 tíma á sólarhring og Colón leikhúsið ekki langt undan. Í kvikmyndahúsunum er boðið uppá Fellini-hátið, kvikmyndaviku frá Kúbu, Strindberg-syrpu, heimildamyndir um frumbyggja Andesfjalla, Buñuel sýningaröð og fleira og fleira.

Í hundrað ára sögu argentínskrar kvikmyndaframleiðslu hefur í seinni tíð borið mest á kvikmyndagerðamönnunum Fernando E. Solanas og Octavio Getino. Þeir leggja ofuráherslu á að kvikmyndum beri að spegla samfélagið, sýna það eins og það er og fjalla um tilveruna í raunsönnu ljósi.

Og það gera argentínskar kvikmyndir alla jafna. Ógnarstjórnum, fátækt og ofbeldi er á tjaldinu mætt með átökum eða afskiptaleysi. Einkalíf endurspeglar opinbera atburði og uppgjöf í erfiðum aðstæðum er ekki möguleg í þjóðarsál Argentínumanna, það er enginn uppgjafartónn í kvikmyndum þeirra.

→ Depicting Reality

On Corrientes street in Buenos Aires there are cafés on every corner and there are culture centers, book shops and cinemas in between them. This street is essentially the main hub of culture in the city, with most places being open twenty four hours a day and with the Colón theater not so far off. In the cinemas you can go to see a Fellini festival, there is a Cuban film week, a Strindberg festival, documentaries about the natives in the Andes, a Buñuel marathon and much more.

During the century long history of Argentinian film production there have been two names that have stood above the rest. Fernando E. Solanas and Octavio Gento. In their work they have highlighted the necessity of films mirroring society., depicting it as it is and to show life in a truthful and faithful way.

This is what Argentinian films do. Tyranny, poverty and violence on the screen are confronted by fighting or indifference. Privacy is depicted by public events and surrender is not a part of the natural spirit or character of the people of Argentina, and neither is it a part of their films.

Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku við Háskóla Íslands.

Hólmfríður Garðarsdóttir, Associate Professor of Spanish at the University of Iceland.

Bræðin The Fury La Rabia

Albertina Carri
(ARG) 2008
83 mín, 35 mm

Löð

2.10 | 15:30

Regnboginn

4.10 | 17:30

5.10 | 22:30

→ Bræðin er mynd sem fjallar um átök bænda í afskekktu héraði í Argentínu. Í myndinni kynnumst við tveimur fjölskyldum sem hafa hætt öllum samskiptum af því að annar fjölskyldufaðirinn varð móðgaður yfir framkomu nágrenns. Dag nokkurn finnur hann mynd sem dóttir hans hefur teiknað og túlkar hana sem óvæfengjanlegt sönnunargagn um að eiginkona hans haldi framhjá honum með grannanum. Öfund og ofsafengnar tilfinningar yfirbuga alla skynsemi og gera fjölskyldunum ómögulegt að lifa eðlilegu lífi. Myndavélin sýnir okkur fagurt og hrikalegt argentínskt landslag sem umhverfist í vatnslitahreyfimyndir. Bræðin er veisla fyrir augun, athyglisverð innsýn inn í samfélag bænda í Argentínu og ástríðufull saga.

→ *La Rabia is a film about farmers in a distant rural area in Argentina. In the film we get to know two families that have closed all communication between each other because one family father has been insulted by his neighbour. One day he discovers a picture by his daughter and interprets it as evidence that his wife is cheating on him with that very same neighbour. Jealousy and passionate emotions override all logic and make it impossible for everyone to live a normal life. The camera shows us glimpses of rugged Argentinian landscapes which blend into watercolour animations. La Rabia is a feast for the eyes, an interesting perspective on everyday life in the La Pampas and a passionate story.*

Ljónagryfjan Lion's Den Leonera

Pablo Traperó
(ARG) 2008
113 mín, Digibeta

Regnboginn

30.9 | 19:30

1.10 | 22:00

2.10 | 17:00

→ Hvort vildir þú fórna frelsinu eða samvistum við móður þína? Leonera fjallar um Júlíu, unga argentínska konu sem hugsanlega er morðingi. Annað hvort hún eða Ramíró elskhugi hennar myrtu Nahuel og annar þessara tveggja manna er faðir Tómasar sonar hennar. Það er allt útlit fyrir flókið dómsmál. Í Argentínu eru lögin þannig að börn geta alist upp hjá móður sinni innan veggja fangelsis, en er það hollt fyrir barnið? Móðir Júlíu vill barnabarn sitt til sín svo drengurinn alist upp við eðlilegru aðstæður, en Júlía vill ekki láta barnið frá sér. Þessi mynd tekur á stórum siðferðislegum vafamálum um fórn og frelsi. Hvort skiptir meira máli fyrir barn, frelsið eða móðirinn? Er frelsið móðurmissisins virði?

→ *Would you rather sacrifice your mother or your freedom? Leonera is about Julia, a young Argentinian woman who is possibly a murderer. Either she or Ramiro, her lover, killed Nahuel and either Ramiro or Nahuel is the father of her son, Tomás. It looks like it could get ugly in court. In Argentina children can be raised in prison to be with their mothers. Julia's mother wants to raise her grandson so that he can be in a healthier environment, but Julia is unwilling to let go. This film deals with huge ethical issues. But in the end it boils down to a single question: Would you sacrifice your mother to be free?*

Regn
Rain
Lluvia

Paula Hernández
(ARG) 2008
110 min, 35mm

Regnboginn → Ofsaregn hefur dunið óslitið á Buenos Aires í þrjá daga samfleytt. Alma og Roberto eru tveir ráðvilltir einstæðingar á ferð í ofsaveðrinu. Alma yfirgaf sambýlismann sinn fyrir nokkrum dögum og býr nú tímabundið í bílnum sínum. Roberto er nýfluttur aftur til landsins eftir þrjátíu ára dvöl erlendis. Hér er ekkert sem tengist honum annað en aldraður faðir sem liggur nú í dái og íbúð sem þarf að tæma. Í miðri umferðarteppu opnast hurðin á bíl Ölmu allt í einu og Roberto kemur inn. Þessi kynni þeirra eiga eftir að hafa óvæntar og ófyrirséðar afleiðingar.

→ *The rain has been intense for three days straight in Buenos Aires. Alma and Roberto are both bewildered and lonely travellers in the crazy weather. A few days ago Alma left the man she had lived with for many years and now she has made her car her temporary home. Roberto has recently moved back to the country after thirty years abroad. All that binds him to this place is a father lying in a coma and an apartment that needs to be emptied. In the middle of a traffic jam the door to Alma's car opens. Roberto gets in and Alma, not knowing why, does not tell him to leave. This encounter will have unforeseen consequences.*



CAOZ™

Tölvuteiknimyndir
Sjónvarpsauglýsingar
Tölvubrellur fyrir kvikmyndir

© CAOZ - Öll réttindi áskilin





54 → 59

Hljóð í mynd

Berlín kallar

Berlínaróður

Lou Reed's Berlin

Rafmögnuð Reykjavík

Saga Borgarættarinnar

Squeezebox

Teipið gengur

Villt samsetning:

Portrett af Arthur Russel

Pungarokk í Bagdad

Sound on Sight

Berlin Calling (GER)

BerlinSong (GER)

Lou Reed's Berlin (US)

Electronica Reykjavík (ICE)

Sons of the Soil (DK)

Squeezebox (US)

And Rollling (ICE)

Wild Combination:

A Portrait of Arthur Russell (US)

Heavy Metal in Baghdad (US)

→ Reykjavík er þekkt fyrir blómlegt tónlistarlíf og í ár langar okkur að leggja rækt við tónlistina, enda nálgast þessir geirar hvorn annan með ógnarhraða: Rolling Stones opnuðu kvikmyndahátíðina í Berlín í febrúar og vinsælasta kvikmynd okkar í fyrra var Stjórn - ævisaga Ian Curtis, söngvara Joy Division. Sérstök tónlistardagskrá sem gengur undir alþjóðlega heitinu Sound on Sight er því kynnt hér á eftir. Með því að standa að dagskránni er ætlunin að vekja athygli á því sem er að gerast hérlendis á sviði kvikmyndar og tónlistar og sömuleiðs kynna Íslendinga fyrir alþjóðlegum hræringum á sama sviði. → Reykjavík is known for its lively music scene and at RIFF 2008 we want to highlight music, as music and films are constantly closing in on each other: The Rolling Stones opened the Berlinale in February and RIFF's people's choice award went to Control – the biopic about Ian Curtis, singer of Joy Division. A special music section called Sound on Sight is therefore presented in the next few pages. By hosting such an event we want to draw attention to what is happening in Iceland on these exciting boundaries, as well as bringing the best crossover works from around the world to Iceland.

Berlín kallar

Berlin Calling

Hannes Stoeher

(GER) 2008

105 mín, 35mm

Regnboginn

25.9 | 19:00

27.9 | 22:30

29.9 | 17:00

→ Teknóplötusnúðurinn og framleiðandinn Martin Krakow – betur þekktur sem DJ Ickarus – hefur verið á stanslausu ferðalagi um klúbba og útihátíðir heimsins ásamt kærustu sinni og umboðsmanni Mathilde. Eiturlyfjaneysla Martins fer stöðugt vaxandi og eftir heimkomutónleika í Berlín lýkur hann nóttinni á geðdeild. Það er kornið sem fyllir mælinn, Mathilde slitur sambandinu við hann, útgáfufyrirtækið segir honum upp og í kjölfarið strýkur Martin af spítalanum í leit að meira dópi. Smám saman verður honum þó ljóst að hann verður að taka sig saman í andlitinu – en tekst honum það? Þessi mynd veitir tragikómíska innsýn í heim danstónlistarinnar. Í aðalhlutverki er Paul Kalkbrenner sem sér einnig um tónlistina. Kunnugir þekkja hann úr tónlistarheiminum, en hann er í framlínu Bpitchcontrol-fyrirtækisins í Berlín sem teknódrottningin Ellen Allien rekur.

→ *Techno DJ and producer Martin Krakow – better known as DJ Ickarus – has been travelling the clubs and festivals of the world along with his girlfriend and agent Mathilde. Martin's drug abuse is constantly growing and after a homecoming concert and party in Berlin he ends up in a mental ward. For Mathilde that is the last straw, so she dumps him. Martin's label drops him too, leaving him stark raving mad on a quest for more dope. Soon he realizes he needs to get himself together – but is it too late? Berlin Calling is a tragicomic insight into the world of dance music. Paul Kalkbrenner plays the leading role and also wrote the soundtrack. Kalkbrenner is one of the main artists on the label Bpitchcontrol, run by techno queen Ellen Allien.*



Berlínaróður

BerlinSong

Uli M Schueppel

(GER) 2007

84 mín, Digibeta

Regnboginn

26.9 | 22:30

Norræna húsið

29.9 | 20:00

Iðnó

3.10 | 22:30

→ Berlínaróður er saga sex tónlistarmanna úr söngvaskáldasenu Berlínarborgar. Þau komu frá Bandaríkjunum, Noregi, Hollandi og Ástralíu og gerðu borgina að sinni. Leikstjórinn Uli M Schueppel fékk hvert og eitt þeirra til að sýna sér „sinn eigin stað“ í Berlín og það hvert þeirra um að semja lag um borgina. Hugsanir þeirra og minningar um borgina (sérstaklega Kreuzberg) blandast við ferli laganna frá því að þau eru bara hugmynd og allt þar til þau eru tekin upp og flutt á tónleikum. Berlínaróður er ljóðræn mynd af þessum tónlistarmönnum og ekki síst af borginni sjálfri.

→ *BerlinSong is a story about six musicians from Berlin's vibrant new folk underground music scene. They came to Berlin from the US, Norway, the Netherlands and Australia and made the city their home. Filmmaker Uli M Schueppel made the artists show him what their very own place in Berlin is and asked each of them to write a song about the city. These reflections and projections on Berlin (or specifically Kreuzberg) merge with the writing process of the songs, recording in the studio and the preparation for a concert with all artists in the club "West Germany". BerlinSong is a poetic portrait of these musicians and at the same time an atmospheric journey into the myth that is Berlin.*



Lou Reed's Berlin

Julian Schnabel

USA 2007

85 min, 35mm

Regnboginn

29.9 | 19:30

30.0 | 17:00

2.10 | 22:00

→ Lou Reed tók upp plötuna Berlin árið 1973. Hún seldist illa og næstu 33 árin flutti Reed hana aldrei á tónleikum. Fimm kvöld í röð í desember 2006 flutti hann hana hins vegar í heild sinni í vöruskemmu í Brooklyn í New York. Platan er nú álitin meistaraverk um illar systur ástarinnar; öfund, reiði og missi. Með því að nota tvískiptu borgina Berlín sem svið, tekst Reed að miðla á áhrifaríkan og beinskýttan hátt sögunni af Caroline og elskhugum hennar. Ýmsir flytjendur komu að tónleikunum og hjálpuðu Reed að skapa ánetjandi heim þar sem sjálfseyðing Caroline lifnar við. Leikmynd Julians Schnabels minnir á hótél með grænleitu veggjum og innskotsmyndir dóttur hans Lolu sýna fegurð og harmleik söguhetjunnar.

→ Lou Reed recorded the album Berlin in 1973. It was a commercial failure. Over the next 33 years, he never performed the album live. For five nights in December 2006 at St. Ann's Warehouse Brooklyn, Reed performed his masterwork about love's dark sisters; jealousy, rage and loss. Using the divided city of Berlin as its backdrop, the story of Caroline and her lovers is told through the emotive and provocative words of Lou Reed. With various performers working to create a captivating world, Lou Reed is able to take the audience with him as he bares witness to Caroline's self-destruction. Julian's set design create the backdrop of a hotel with greenish walls and with Lola Schnabel's films displaying the beauty and tragedy of the narrator's leading lady the experience is devastating and beautiful.



Rafmögnuð Reykjavík Electronica Reykjavik

Arnar Jónasson

(ICE) 2008

55 min, Beta SP

Regnboginn

Q&A

27.9 | 18:30

1.10 | 19:30

Iðnó

30.9 | 22:30

→ Rafmögnuð Reykjavík er sagan af byltingu í tónlist. Raf- og danstónlist níunda og tíunda áratugarins skóp ekki bara kynslóð, heldur ól hún af sér heila kynslóð tónlistarmanna til viðbótar; senu framúrstefnumanna og þaðargrúskara. Myndin beinir sjónum sínum að þessu fólki, þessari tónlist, þessum tíma – og öllum þeim bassatrommuslögum sem hafa ómað og öllum þeim partíum sem hafa komið og farið og þeim sem standa enn. Áður óséð myndefni frá síðustu 20 árum veitir ómetanlega innsýn í tilurð þessarar tónlistar og tíðarandann sem gat hana af sér. Hljómsveitir eins og Gusgus, Ghostigital, Biogen og Anonymous koma fram í myndinni.

→ Electronica Reykjavik is the story of a revolution in music. The electronic and house music of the late 80's and early 90's not only made a generation, but affected a whole other generation of musicians. A scene of mostly underground and avant-garde Icelandic electronic artists emerged, many of which are portrayed in the film. Be prepared for the deepest rhythms of nature and – above all – a very sexy party. The film gives rare insight into the early days of Icelandic dance music as it features footage from clubs long gone and hairstyles better forgotten as well as performances from artists such as Anonymous, Biogen, GusGus, Ghostigital and many more.



Saga Borgarættarinnar Sons of the Soil Borgslægtens historie

Gunnar Sommerfeldt

(DK) 1920

DVD

Bæjarbíó

3.10 | 20:00

→ Saga Borgarættarinnar er byggð á samnefndri skáldsögu Gunnars Gunnarssonar. Skáldverkið kom út á dönsku á árunum 1912–14 og var það fyrsta sem vakti verulega athygli á Gunnari. Sagan var þýdd á fjölda tungumála og árið 1919 var hún kvikmynduð, og var það fyrstu kvikmyndin sem tekin er á Íslandi. Meðal leikara er Stefanía Guðmundsdóttir sem var álitin fremsta leikkona Íslands í byrjun 20. aldarinnar og aðalhlutverkið, hlutverk Orms Örlýgssonar, er í höndum Guðmundar Thorsteinssonar, listmálarans Muggs. Gunnar Gunnarsson hafði sjálfur mikil afskipti af gerð myndarinnar og kom með kvikmyndatökuliðinu hingað til lands árið 1919 til að fylgjast með gangi mála. Myndin var frumsýnd hér á landi í upphafi árs 1921.

→ Sons of the Soil is based on the novel by Icelandic author Gunnar Gunnarsson. First written in Danish and published in Denmark from 1912 – 1914, the novel was a breakthrough for Gunnarsson who is now regarded as one of the leading figures in Icelandic literature and was considered for a Nobel prize. In 1919 the story was filmed in Iceland and it is the first film ever to be shot here. The cast includes well-known figures from the early 20th century such as actress Stefanía Guðmundsdóttir and painter Muggur. Gunnarsson was involved in the making of the film and observed filming. The film premiered in Iceland in 1921.



Squeezebox

Steve Saporito & Zach Shaffer

(US) 2008

91 mín, Digibeta

Iðnó

Q&A

28.9 | 17:30

5.10 | 17:30

Norræna

húsið

30.9 | 20:00


→ Squeezebox var einn alræmdasti skemmtistaður New York-borgar þar til borgarstjórinn Rudy Giuliani, sem vildi verða forsetaefni repúblikana, lét loka honum. Staðurinn var opnaður í byrjun 10. áratugarins út frá þeirri einföldu hugmynd stofnandans, Michaels Schmidts, að láta draggdrottningar syngja rokkklög uppi á sviði. Fljótlega barst sá orðrómur út um samfélag samkynhneigðra að loksins væri kominn hommastaður þar sem ekki væri bara spilað diskó heldur líka alvöru rokk. Innan skamms dró staðurinn að sér svalasta liðið úr hommasenunni í New York, en líka partíþyrsta og rokkglæða gagnkynhneigða sveitunga. Í myndinni reyna leikstjórnarnir að fanga stemmninguna eins og hún var á staðnum, bæði með gömlum myndbútum og viðtölum. Þar með fær áhorfandinn tækifæri til þess að kynna karakterunum sem einkenndu staðinn og eru nú orðnir goðsagnir í djammllífinu í New York.

→ Squeezebox was once one of the most notorious clubs in New York City. The party ended when the mayor and former presidential candidate Rudy Giuliani had it shut down. The club was founded in the early 90s by Michael Schmidt who had the simple idea of letting drag queens sing rock songs on stage. Soon the rumour spread across the gay community that finally there was a gay club that didn't only have disco music but also real rock. The place not only attracted the coolest party stars of the gay scene but also the most party thirsty straight rock hounds of the big apple. The film attempts to capture the atmosphere of the old Squeezebox by using old film archives and interviews. The viewer gets a chance to see the characters that used to rule the place who have now become legends in the New York party world.



Teipið gengur And Rolling

Elsa María Jakobsdóttir
& Gaukur Úlfarsson
(ICE) 2008 - 28 mín, Beta SP



Regnboginn → Hljómsveitin Memfismafian ásamt söngvaranum Sigurði Guðmundssyni réðst í það verkefni í mars 2008 að taka upp plötu í anda gamalla tíma og notast aðeins við einn míkrafón. Tónlistin var hljóðrituð í einni töku inn á segulband þar sem ekki var gefinn kostur á að vinna eða eiga nokkuð við upptökurnar eftir á eins og tíðkast í tölvuvæddum hljóðverum nútímans. Að sama skapi voru lögin flest frá sjötta og sjöunda áratugnum. Í myndinni kynnumst við því hvernig í ósköpunum þessum ungu framsæknu tónlistarmönnum datt í hug að hverfa aftur um hálfa öld í tækni og tónlist. Áhorfandinn er settur inn í þetta sérstaka andrúmsloft sem tónlistarmennirnir sköpuðu þessa vetrardaga í hinu sögufræga hljóðveri Hljóðrita í Hafnarfirði.

→ A number of young Icelandic musicians began recording an album in March 2008. That happens every day but their music was recorded using only one microphone and a mono tape with no possibility of editing tampering with the result. The songs they recorded were mostly from the 50s and 60s. And Rolling gives us insight into the minds of these otherwise progressive musicians and tries to answer why they decided to jump half a century back in time. The viewer is placed in the special ambience created in Hljóðriti Studios, slowly observing the musicians craft their opus.

Villt samsetning: Portrett af Arthur Russel Wild Combination: A Portrait of Arthur Russell

Matt Wolf
(US) 2008
71 mín, Digibeta



Iðnó → Á undanförnum árum hefur tónlistarmaðurinn Arthur Russell hlotið uppreisn æru, en þegar hann lést fyrir aldur fram úr alnæmi árið 1992 var hann að mestu gleymdur. Þó hafði hann sett mark sitt á ýmsa geira, framúrstefnulega nýklassik, tónlist söngvaskálda og – þótt ótrúlegt sé – diskó. Hann vann með Allen Ginsberg og Philip Glass en eftir því sem árin liðu sökkta hann sér sífellt dýpra í eigin tónlist, í eigin heim, og undir lokin vann hann að mestu einn í íbúð sinni í New York. Þessari sögu eru gerð frábær skil í Wild Combination, mynd sem kemur á hárréttu augnabliki, enda ber nafn Russells sífellt oftar á góma í tónlistarpressunni og endurómur verka hans er sterkur að undanförunu, til að mynda á nýjustu plötu Hercules and Love Affair.

→ In the last few years the career of late musician Arthur Russell has been resurrected. At the time of his untimely death from AIDS in 1992 his body of work was mostly forgotten. Still, he had worked in many different genres; including avant-garde, singer-songwriter and – believe it or not – disco. He was a close friend and collaborator of Allen Ginsberg and Philip Glass but as the years went by he sank deeper and deeper into his own music, his own world – mostly working alone in his New York apartment for the last few years. Russell's story is masterfully told in Wild Combination, a film that is released as his name is becoming more common in the music press and as his sounds are resonating again – the newest album by Hercules and Love Affair for example.

Pungarokk í Bagdad Heavy Metal In Baghdad

Eddy Moretti & Suroosh Alvi
(US) 2007
84 mín, Digibeta



Regnboginn → Pungarokk í Bagdad segir af írösku þungarokksveitinni Acrassicauda (Svarti sporðdrekin) frá því að stjórn Saddams Husseins féll árið 2003 til ársins 2007. Þungarokksflutningur í einræðisríki hefur alltaf verið erfiður (ef ekki ómögulegur) en eftir að Saddam var steypt af stóli leit út fyrir að sveitin gæti flutt sína tónlist óáreitt. Þær vonir urðu fljótlega að engu eftir að borgarastyrjöld braust út. Meðan sturlungaöld geysar í Írak reyndu Acrassicauda hvað þeir gátu til að halda saman og halda lífi í sér og rokkdraumnum. Saga þeirra speglar vonir og drauma heillar kynslóðar íraskra ungmenna.

→ Heavy Metal in Baghdad is a feature film documentary that follows the Iraqi heavy metal band Acrassicauda (Black Scorpion) from the fall of Saddam Hussein in 2003 to the present day. Playing heavy metal in a country under tyranny has always been a difficult (if not impossible) proposition but after Saddam's regime was toppled, there was a brief moment for the band in which real freedom seemed possible. That hope was quickly dashed as their country fell into a bloody insurgency. From 2003-2006, Iraq disintegrated around them while Acrassicauda struggled to stay together and stay alive, always refusing to let their heavy metal dreams die. Their story echoes the unspoken hopes of an entire generation of young Iraqis.

Íslendingar borða SS pylsur



fremstir
fyrir bragðið



60 → 64

Ísland í brennidepli

Icelandic Panorama

Allar mættar!

Dieter Roth Puzzle

Einungis fæðing

Smáfuglar

Þetta kalla ég dans

Keisarinn

Harmsaga

Naglinn

Aðskotadýr

Everybody Present! (ICE)

Dieter Roth Puzzle (ICE)

Only a Birth (ICE)

2 Birds (ICE)

That's What I Call Dance (ICE)

The Emperor (US/ICE)

Tragedy (ICE)

The Nail (ICE)

Varmints (UK/ICE)

→ Með því að opna heim íslenskrar kvikmyndagerðar fyrir umheiminum myndar hátíðin tengsl milli kvikmyndalífsins hérlandis og hræringa úti í heimi. Þannig er myndaður vettvangur til umræðu um sérstöðu íslenskrar kvikmyndalistar, áhrif hennar og áhrifavalda. Íslensk kvikmyndagerð getur unnið að því að móta umheiminn og hefur gert það. Við sýnum ykkur þær myndir sem við teljum að stuðli einmitt að því á komandi árum í flokknum Ísland í brennidepli. Tvær íslenskar myndir til viðbótar eru sýndar á hátíðinni í flokknum Hljóð í mynd, Rafræn Reykjavík og Teipið gengur. Í flestum tilfellum er um að ræða heimsfrumsýningar. → By cracking open the unique world of Icelandic filmmaking and showcasing it to the outside world, the Festival aims to build bridges between Icelandic cinema and the flows and currents of international filmmaking. Thus we create an environment to discuss the unique nature of Icelandic films and the dialogue with international cinema. Icelandic cinema can, and has, shaped the world around it. In the category Icelandic Panorama we bring you the films that we believe will do just that in the coming years. Additionally, two Icelandic films are screened at the festival in the category Sound on Sight. More often than not these are world premieres.

Allar mættar! Everybody Present!



María Guðmundsdóttir

(ICE) 2008

39 mín, Beta SP

Regnboginn

→ Allar mættar er ný íslensk heimildarmynd sem byggir á íslenskum raunveruleika. Hún segir frá Ástbjörgu Gunnarsdóttur sem hefur rekið sama fimleikahópinn í 50 ár. Í árána rás hefur hún myndað sérstakt og náið samband við konurnar í hópnum. Sumar þeirra hafa gengið til liðs við sérstakan sýningarhóp sem hefur sýnt út um allan heim, allt frá Gautaborg til Kanarí. Þessi heimildarmynd lýsir ævi hennar, starfi og konunum í þessum einstaka fimleikahóp. Í henni kynnumst við starfsaðferðum og lífsspeki Ástbjargar, eðli vináttunnar í hópnum og fáum að sjá brot úr verkum danshópsins svo eitthvað sé nefnt.

→ *Everybody Present is a new Icelandic documentary which tells the story of Ástbjörg Gunnarsdóttir, a seventy-year-old fitness teacher who has run the same fitness group for 50 years. Over this time she has formed a close and personal connection with all the women in the group. Some of them have joined her special performance group that has performed all across the world, from Gothenburg to the Canaries.*

The documentary shows her life, her work and the women in this unique fitness group. We get to know Ástbjörg's methods and life philosophy and the nature of friendship within the group. We also see parts of the performance group's shows, amongst other things.

Dieter Roth Puzzle



Hilmar Oddsson

(ICE) 2008

109 mín, Beta SP

Regnboginn

→ Leikstjórinn þekkti Dieter Roth allt frá barnæsku. Hann lagði land undir fót og ferðaðist til fjölda landa til að safna bútum og brotum í nokkurs konar pússlumynd. Þegar brotin falla saman verður til litrík nærmynd af einstökum manni, einhverjum frumlegasta og mikilvægasta listamanni okkar tíma. Efniviðurinn eru minningar fjölskyldu, vina og starfsbræðra, - og mat sérfróðra.

4.10 | 22:30

→ *The director knew Dieter from early childhood and now embarks upon a journey to different parts of the world to gather pieces in his Dieter Roth Puzzle. What emerges is a colourful portrait of an exceptional person; one of the most singular and important artists of our time, as described by his family, many friends and colleagues.*

5.10 | 15:30

Einungis fæðing

Only a birth

Pór Elis Pálsson
(ICE) 2008
54 min Digibeta



Regnboginn → Spurning: Hvað gæti mögulega orðið til þess að níraður maður ákveður að pakka saman og yfirgefa sitt fyrra líf til að hefja nýtt líf á nýjum stað? Í fjölmörg ár starfaði Jóhann Eyfells sem prófessor í listfræði við háskóla í Orlando, en þar bjó hann með konu sinni Kristínu Halldórsdóttur þar til hún lést. Því var spurningin sem Jóhann spurði sig frekar þessi: Hvað gæti mögulega haldið honum á stað þar sem fortíðin lifir enn eftir dauða hamingjunnar, þar sem ekkert beið hans annað en biðin eftir hinu óumflýjanlega? Biðin fékk að biða, því Jóhann pakkaði saman öllum þeim listaverkum sem hjónin höfðu sankað að sér í gegnum tíðina – ríflega 100 tonnum af höggmyndum, risavaxið safn málverka og heil búslóð til viðbótar. Því næst keypti hann nautgripabýli í Texas til að hefja nýtt líf, til að endurfæðast.

→ *Question: What could possibly make a man in his nineties decide to pack up and leave his former life behind to start a new one in a new place? For years Jóhann Eyfells worked as a professor of arts in a university in Orlando, where he lived with his wife Kristín Halldórsdóttir until she passed away. Thus the question Jóhann asked himself was rather: What could possibly keep him in a place where the past lives on after the happiness has died, where there was nothing waiting but the wait for the inevitable? The wait will have to wait though, because Jóhann packed up the huge collection of art that the couple had gathered over the years, more than 100 tons of sculptures, a vast collection of paintings and the rest of their belongings. Then he jumped on the opportunity to buy a ranch in Texas to start a new life, to be reborn.*

Smáfuglar

2 Birds

Rúnar Rúnarsson
(ICE) 2008
15 mín, 35 mm



Regnboginn → Unglingsárin eru einkennileg stoppistöð á milli bernskunnar og hins fullorðna, á milli upphafsins og aðalatriðanna. En lífið gerist á meðan við biðum og í þeirri bið gerist Smáfuglar. Í grunninn er þetta einföld saga um hóp krakka sem leita útgönguleiða, en leitin leiðir hópinn á glapstigu. Unglingar Rúnars eru alvöru persónur en ekki staðalmyndir fengnar úr nostalgískum minningum þess fullorðna. Þeir drekka, blóta og eiga flókið og blæbrigðaríkt innra líf, en skortir þó þá reynslu og þroska sem þarf til þess að teljast fullkomlega sjálfstæð.

→ *2 Birds is an unflinching yet endearing look at the painful transition from childhood to the stark reality of adulthood, the inevitable metamorphoses of growing up. The story in itself is a simple tale of a group of kids looking for some sort of escape, but this escape has terrible consequences. Under Rúnar's direction the teenagers turn out to be real characters, and not stereotypes saturated by nostalgic memories that adulthood often brings. They drink, they curse and have a rich and complicated inner life, yet lack the experience and maturity to be fully independent individuals.*

Naglinn

The Nail

Benedikt Erlingsson
(ICE) 2008
15 min, Digibeta



Regnboginn → Þetta er mynd um nagla, um karlmenn og karldýrið, stjórnmálamenn og heilaskaða. Róbert (Þorsteinn Gunnarsson) er ráðamaður þjóðar og þegar hann fær nagla í hausinn fær hann framheilaskaða og verður fyrir vikið betri leiðtogi en verri pólitíkus.

→ *This is a picture about a nail, about men and the male animal, politicians and brain damage. Róbert (Þorsteinn Gunnarsson) is the leader of a nation who gets a nail rammed into his head, gets brain damage and becomes a better leader but a worse politician.*

Aðskotadýr

Varmints

Marc Craste
(UK/ICE) 2008
24 min, Digibeta



Regnboginn → Smádýr nokkurt neyðist til þess að flytja í stórborg með tilheyrandi hávaða, háhýsum og mengun. Dýrið á erfitt með að venjast nýju umhverfi og reynir að flytja burt. Höfundur tónlistar er íslenska tónskáldið Jóhann Jóhannsson.

→ *A small creature is forced to move into a big polluted city but has trouble getting used to it. Eventually it tries to run away. The film's soundtrack is composed by Icelandic composer Jóhann Jóhannsson.*

Keisarinn

The Emperor

Þorbjörg Jónsdóttir
(US/ICE) 2007
16 mín, DVD



Regnboginn → Joshua Norton var efnaður kaupsýslumaður í San Fransisco, fæddur árið 1815. Þegar hann glataði öllum sínum auðæfum lýsti hann sjálfan sig keisara Bandaríkjanna.

→ *Joshua Norton was born in the year 1815 and was a wealthy businessman in San Francisco, but when he lost his fortune he declared himself the emperor of the United States.*

Harmsaga Tragedy

Valdimar Jóhannsson
(ICE) 2008
12 min 16mm

Regnboginn → Harmsaga er saga um fjölskyldu sem býr fjarri allri byggð langt upp í sveit. Fjölskyldan verður fyrir vægast sagt óvæntum áföllum. Ingvar E. Sigurðsson leikur fjölskyldufaðirinn.
Q&A 3.10 | 17:00 → *Tragedy is a story of a family living in the countryside, far away from civilization. An unusual accident has catastrophic consequences for the whole family.*
lðnó 5.10 | 22:30



Þetta kalla ég dans That's What I Call Dance

Ásthildur Kjartansdóttir
(ICE) 2008
55 min, Beta SP

Regnboginn → Um hvað snýst nútímadans og hvernig er líf þeirra sem helga sig dansinum sem listgrein? Erna Ómarsdóttir er einn þekktasti nútímadansari Evrópu og hefur tvisvar verið tilnefnd sem besti nútímadansari Evrópu. Hún lærði í Brüssel og hefur búið þar síðustu 13 ár. Meðal þekktustu verka hennar hér á landi eru We are all Marlene Dietrich FOR, sem hún vann með Íslenska dansflokknum, og sólódansverk um sagnatréið góða, The Talking Tree. Myndin fjallar um starfsaðferðir Ernu og verkefni hennar, en auk þess fáum við að kynnst persónu hennar og lífsstíl. Áhersla er lögð á að kynnst manneskjunni á bak við dansinn.
Q&A 26.9 | 18:15 → *What is modern dance about and how is the life of a modern dancer? Erna Ómarsdóttir is one of the best known contemporary dancers in Europe. She has twice been nominated as the best contemporary dancer in Europe. She's been living in Brüssel for 13 years where she studied and now works. Among her best known works are We are all Marlene Dietrich FOR, a coproduction with the Icelandic dance company, and a solo dance piece about the tree of tales, The Talking Tree. In this documentary we learn about Erna's working methods and current project as well as her lifestyle and personality. The focus is on the individual and what lies behind the dance.*
lðnó 29.9 | 22:30
4.10 | 15:30



Vín
hátiðarinnar



Farmers Market
iceland
handweave gently

www.farmersmarket.is

Merkilegt nokk!

Við hjá **margt smátt** merkjum eiginlega hvað sem er fyrir hópa og fyrirtæki. 🧥 og 🍴 frá okkur njóta mikilla vinsælda ásamt 🖋 og 🛠.

Svo höfum við líka allt fyrir golfið. Við setjum þitt merki á 🚶 og tryggjum gott upphafshögg með vel merktum 📍.

Vandaður og vel merktur fatnaður er skemmtileg sumargjöf og við bjóðum sniðugar 🛍, flott 📦 og hlýjar 🧣 svo ekki sé minnst á 🌂 sem kemur sér vel á útisamkomum.

Það er sælla að gefa vel merkt en ómerkt.



Kynntu þér úrvalið á www.margtsmatt.is eða hafðu samband í 📞 585 3500.

Guðriðarstíg 6-8 | 113 Reykjavík | Sími: 585 3500 | Fax: 585 3510 | www.margtsmatt.is

margt smátt



HÉR ERU SMÁTRÍÐIN ENGIN SMÁ ATRÍÐI

Hefðir indverskrar matargerðar eru í þvilikum hávegum hafðar í þessu litla veitingahúsi við Hverfisgötu að matgæðingar *COLUMBUS TRAVEL GUIDES* hafa gefið því einkunnirnar „One of the best in Europe“ og „Excellent value for money“ og *LONLEY PLANET* sagði einfaldlega: „The best Indian restaurant in Europe“.

Viðskiptavinirnir vita að hér eru engar tilviljanir. Allir réttir eru nákvæmlega eins og þeir eiga að vera. Kunnáttan í eldhúsinu er algjör. Þjónustan til slíkrar fyrirmyndar að þú tekur ekki eftir henni. Það er eins og allt sé fyrirhafnarlaust. En það er það ekki.

Verið velkomin á Austur Indía fjelagid.

HVERFISGATA 56 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 552 1630



Shirin Neshat
68 → 70



Photo by Linda Bertucci, 2006
Courtesy Gladstone Gallery, New York

Shirin Neshat

→ **Handhafi verðlauna Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn árið 2008** → The recipient of the Creative Excellency Award at the 2008 Reykjavík International Film Festival

→ Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík veitir í ár hinum heimsþekktu listamanni Shirin Neshat verðlaun fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn. Listasafn Íslands mun halda sýningu á ljósmynda- og videoverkum eftir hana meðan á hátíðinni stendur og RIFF efnir til sérstakrar sýningar sem hún setur saman sjálf. Þannig gefst gestum hátíðarinnar einstakt tækifæri til að kynnst verkum þessa merka listamanns sem notar tækni og meðul myndmiðlanna til að koma á framfæri skarpri sýn sinni á samfélagið á listrænan og áhrifaríkan hátt.

Shirin Neshat fæddist í Íran árið 1957 en býr nú í New York þar sem hún starfar í dag. Á Vesturlöndum er hún er hvað þekktust allra listamanna frá Íran, en í listsköpun sinni hefur hún fengist við kvikmyndir, myndbandsverk og ljósmyndir.

Shirin ólst upp við vestrænt heimilishald í Íran þar sem foreldrar hennar aðhylltust hugmyndir Íranskeisara. Vestrænt kvenfrelsi var í hávegum haft á heimilinu, en faðir hennar hvatti dætur sínar til þess taka áhættu, mennta sig og skoða sig um í heiminum. Shirin fór til Los Angeles til að læra myndlist og lauk þar BA, MA og MFA gráðum frá Berkley-háskóla skömmu eftir stjórnarbyltinguna í Íran. Eftir byltinguna var þjóðfélaginu breytt í íslamskt lýðveldi og fjölskylda hennar bjó ekki lengur við það frelsi sem þau höfðu áður notið.

Að námi loknu flutti Shirin til New York og hefur búið þar síðan snemma á níunda áratugnum. Hún hóf þá störf hjá “non-profit” stofnuninni Storefront Art and Architecture. Shirin heimsótti ekki Íran aftur fyrr en seint á tiunda áratugnum og hitti þá fyrir allt annað þjóðfélag en hún ólst upp í. Til að takast á við breytinguna á þjóðfélaginu eftir byltinguna vann hún að fyrstu alvöru ljósmyndaseríu sinni, Women of Allah (1996), en þar sýndi hún myndir af konum sem þakkar voru með persnerskri skrautskrift. Verkið vakti mikla athygli en það var með myndbandsverkinu Rapture frá 1999 sem hún varð að alþjóðlegri stjörnu í listaheiminum.

Í myndbandsverkum sínum notar Shirin oft tæknina til að varpa upp tveimur myndum á sama tíma og skapa þannig andstæður; ljós og myrkur, svart og hvítt, konur og karla. Einnig hefur hún gert hefðbundnari stuttmyndir á ferli sínum, til að mynda Zarin frá 2005. Verk Shirin sýna veröld kvenna í íslömsku þjóðfélagi og pólitíska, sálræna og félagslega stöðu þeirra í heimi Íslam. Eftir því sem íslamska stjórnin í Íran varð ágengari og fór að skipta sér meira af daglegu lífi fólksins urðu verk Shirin beittari og pólitískari og beinast þau nú iðulega gegn stjórnvöldum í Íran.

→ The Reykjavík International Film Festival is proud to present the world-known artist Shirin Neshat with this year's Creative Excellency Award. The National Gallery of Iceland will put on an exhibition of some of her photographic and video works during the festival, and RIFF screens a special program of her work that the artist has put together herself. Thus, the guests of the festival will be given a rare opportunity to gain insight into the work of this excellent artist, who uses the tools and means of visual media to communicate her sharp vision and analysis of society with artistic integrity.

Shirin Neshat was born in Iran in 1957 but now lives and works in New York. She is one of the best known Iranian artists in the Western world and has worked in film, video-art and photography. She was brought up in a Western-style household in Iran, as her parents followed the liberal ideas of the Shah. The family believed in equal rights for women and her father encouraged his daughters to take risks, to educate themselves and to travel and see the world. Shirin went to LA to study fine arts and graduated with BA, MA and MFA degrees from UC Berkley soon after the revolution in Iran. After Iran had become a Islam state, Shirin's family no longer enjoyed the same freedom or comfort.

After her studies Shirin moved to New York, where she has lived since the early eighties. She worked for the non-profit organization Storefront Art and Architecture. She didn't return to her native country until the nineties and was then confronted with a society far removed from that of her youth. Her first major photographic work, Women of Allah (1996), was created to try to deal with the change she experienced. The work - where she covers portraits of women with Persian calligraphy - attracted the attention of the international art-world. In 1999 her current status as art-superstar was ensured with the acclaimed video Rapture.

In her video-work, Shirin often uses the technology to juxtapose images of opposites, such as dark/light, black/white, man/woman. She has also made more traditional short-films in her career, such as Zarin (2005). Shirin's work mirrors the world of women in Islamic society and their political, psychological and social position. As the government of Iran became more and more aggressive and repressive, Shirin's work became increasingly political and now often openly attacks the regime.

Sýning á verkum Shirin Neshat

Screenings of Shirin's works



Norræna húsið
26.9 | 17:30
27.9 | 20:00

→ Á hátíðinni verður sérstök sýning á verkum Shirin sem hún hefur sett saman sjálf. Sýningin hefst með þremur stuttum svart-hvítum myndum sem gerðar voru á árunum 1998 til 2003, „Turbulent“, „Rapture“ og „The Last Word“. Í kjölfarið koma tvær litmyndir, „Passage“ og „Tooba“ og loks eru tvær myndir sýndar úr seríunni „Women Without Men“; „Zarin“ og „Faezeh“. Sú síðasta er nýjasta myndin í þessari dagskrá, gerð á þessu ári og bregður ljósi á angist trúaðrar konu þegar draumar hennar um hjónaband og fjölskyldu hrynja í einni svipan í kjölfar nauðgunar.

→ The festival will screen a special program of Shirin's video-works, put together by herself. The program starts with the showing of three short films that are all in black and white. They are „Turbulent“, „Rapture“ and „The Last Word“ and were made in between 1998 and 2003. That is followed by two short color films, „Passage“ and „Tooba“. Finally there are a couple of videos from the „Woman Without Men series“; „Zarin“ and „Faezeh“. The last one is the most recent film of the program, made this year and it explores the anguish of a religious woman whose dreams of marriage and family are shattered by rape.

Myndbandsverk á Listasafni Íslands

Video-works in the National Gallery of Iceland



→ Shirin Neshat hefur meðal annars vakið athygli á banni við söng kvenna og þeirri staðreynd að geðsjúkar konur þurfa ekki að hylja hár sitt, og eru þetta ágæt dæmi um vökult auga hennar fyrir sérkennum ríkjandi skipulags, sem hún átelur fyrir tvískinnung og kvennakúgun. Þetta geta gestir kynnt sér á Listasafni Íslands sem sýnir myndbandsverk Shirinar Neshat á meðan á kvikmyndahátíðinni stendur og er sýningin skipulögð af Listasafninu í náinni samvinnu við hátíðina. Nánari upplýsingar fást á slóðinni www listasafn.is.

→ The prohibition of women singing publically, or the fact that mentally ill women do not have to veil their hair are examples of Shirin Neshat keen eye for curiosities concerning the reigning political system, which she reproaches for its ambiguous position in terms of sexual discrimination. Guests can learn more about this in The National Gallery of Iceland where there will be an exhibition of Shirin's video-works while the Film Festival is on, organized in collaboration between the festival and the Gallery. More information about the exhibition can be found on www listasafn.is.



Shirin Neshat, Untitled (Zarin Series), 2005.
Copyright Shirin Neshat, Courtesy Gladstone Gallery, New York



Get the perfect shot

We'll guide you to the best locations Iceland has to offer

Call us at: (+354) 540-1313
or visit
www.grayline.is

Icelandexcursions
GRAY LINE ICELAND





Costa-Gavras
72 → 75



Costa-Gavras

→ **Heiðursverðlaunahafi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík fyrir ævistarf í þágu kvikmyndalistarinnar**

→ Reykjavík International Film Festival Lifetime Achievement Award

→ „Öll líkindi við raunverulega atburði, við raunverulegar persónur, lifandi eða dauðar, eru ekki tilviljun. Þær eru VILJANDI.“ Með þessum orðum hefst kvikmyndin Z, og segja þau sína sögu um einn pólitískasta leikstjóra kvikmyndasögunnar, sem verður heiðursgestur hátíðarinnar í ár.

Hann var fæddur og nefndur Constantinos Gavras í Grikklandi árið 1933. Faðir hans var vinstrisinnaður og harður andstæðingur stjórnvalda, sem gerði það að verkum að ómögulegt var fyrir Costa-Gavras að fara í háskóla í Grikklandi. Það varð til þess að hann flutti til Frakklands þar sem hann fór í kvikmyndaskóla og síðan hefur hann gert myndir sem flestar hafa verið annað hvort á frönsku eða ensku. Sú pólitík sem leiddi hann til Frakklands hefur litað myndir hans alla tíð síðan og leitun er að jafn þjóðfélagslega þenkjandi kvikmyndagerðarmanni. Það var svo þriðja mynd hans, áður nefnd Z, sem færði honum heimsfrægð árið 1967. Myndin er lauslega dulbúin frásögn af atburðum í Grikklandi í kjölfar morðsins á Gregoris Lambarkis, stjórn málaforingja grískra demókrata. Í kjölfar Z gerði hann alræðisstjórnir í löndum eins og Tékkóslóvakíu og Úrúgvæ að yrkisefni sínu en þreytti svo frumraun sína upp á enska tungu með Hvarfið. Fyrir hana fékk hann Óskarsverðlaun fyrir besta handrit, sem hann deildi með Donald Stewart. Í myndinni afhjúpar hann sannleikann um afskipti Bandarískra yfirvalda í Suður-Ameríku. Og síðan þá hafa yfirvöld um víða veröld mörg hver haldið áfram að troða á mannréttindum og Costa-Gavras hefur haldið áfram að afhjúpa syndir þeirra á meðan svo alltof margir þegja.

→ “Any resemblance to real events, to persons living or dead, is not accidental. It is DELIBERATE.” Thus starts the movie Z, and they may well cover the entire filmography of Costa-Gavras, one of cinema’s most political director, who is the honorary guest of this year’s festival.

He was born Constantinos Gavras in Greece in the year 1933. His father was a leftist and a harsh critic of the government, which made it impossible for Costa-Gavras to go to school in Greece. This forced him to move to France where he entered film school and since then he has made most of his films in either french or english. The politics that originally led him to France has colored all of his films since and it’s hard to find a director that is equally conscious of society’s ills as he is. It was his third film, Z, that made him famous in 1967. The film is a thinly veiled account of events in Greece following the murder of Gregoris Lambarkis, a greek democrat politician. He followed Z with films about totalitarian regimes in countries such as Czechoslovakia and Uruguay before making his english language debut with Missing. For that he received an Academy award for best screenplay, along with Donald Stewart. The film unveils the truth about US interference in South America. And since then numerous authorities around the world have continued to disregard human rights and Costa-Gavras has continued to unveil their sins while so many others are silent.



Hanna K

Costa-Gavras
(FRA/ISR) 1983
111 min, 35mm



Regboginn
27.9 | 22:00
1.10 | 22:00
3.10 | 19:30

→ Hanna K var fyrsta myndin framleidd í Hollywood sem sýndi málstað Palestínu-Araba í jákvæðu ljósi. Reyndar var reynt að gæta hlutleysis og sýna báðar hliðar í myndinni, en hún vakti samt ugg og andúð meðal hópa sem styðja Ísraelsríki. Ekki bætti úr skák að árið áður hafði Costa-Gavras þegið Gullpálmann á Cannes og Óskarsverðlaun fyrir handrit.

Í kvikmyndinni fylgjumst við með Hönnu K, lögfræðingi í Ísrael sem tekur að sér að verja Salim, heimilisláusan araba, fyrir rétti. Salim telur sig eiga rétt á að fá aftur húsið sem hann ólst upp í og var hrakinn úr af landnemum, en ísraelsk yfirvöld hræðast að málið geti verið fordæmisgefandi og vegið að stóðum ríkisins. Hörd gagnrýni og pólitísk pressa leiddi að lokum til þess að Hanna K hrökklaðist úr kvikmyndahúsum. Í dag hefur þessi tímamótamynd fengið uppreisn æru.

→ Hanna K was the first film produced in Hollywood to show the Palestinian cause in a positive way. The film actually tried to be neutral and present both sides, but that was not enough to appease the pro-Israeli lobby groups. The film follows Hanna K, a Jewish lawyer in Israel who has taken the case of Salim, a homeless Arab who wants his childhood house back. The legal case is strong but the Israeli government is afraid that if one Arab can reclaim his old home then it could lead to the eradication of Israel.

In the end, relentless criticism and political pressure ensured that Hanna K was unable to last long in cinemas. But today the film is seen in a different light as an important piece in Costa-Gavras' filmography.

Hvarfið Missing

Costa-Gavras
(US) 1982
122 mín, 35 mm



Regboginn
Q&A
29.9 | 20:00

→ Hvarfið er byggð á sannsögulegum atburðum í kjölfar valdaránsins í Chile 1973. Faðir kemur frá Bandaríkjunum til lands í Suður-Ameríku í leit að syni sínum. Smátt og smátt áttar hann sig á því að ekki er allt með felldu í þessu landi, og ekki í heimalandi sínu heldur. Jack Lemmon og Sissy Spacek leika aðalhlutverk í myndinni og handritið vann Óskarsverðlaun. Myndin fékk Gyllta Pálmann á Cannes-hátíðinni og rakaði að sér verðlaunum víðsvegar um heiminn, nema í Chile þar sem hún var bönnuð alla valdatíð Pinochets. Hvarfið er núna álitin klassísk og var verulegur áfangi á leikstjórnarferli Costa-Gavrasar.

→ Missing is based on real events that took place right after the 1973 coup d'état in Chile. An American father played by Jack Lemmon arrives in South America to search for his son. Slowly he starts realizing that not everything is the way it should be in this country, nor in his own. Jack Lemmon and Sissy Spacek play the lead roles. The script won an Oscar and the film received the Palm D'or at Cannes as well as winning awards at nearly every other festival that year. The film received good reviews everywhere except in Chile, where it was banned during the dictatorship. Missing has long since become a classic and was a major milestone in Costa-Gavras' career.

Öxin The Ax Le couperet

Costa-Gavras
(FRA) 2005
122 min, 35 mm



→ José García, einn fremsti gamanleikari Frakka, leikur hér Bruno, miðaldra efnafræðing sem er nýbúinn að missa vinnuna. Atvinnuleit hans er árangurslaus, iðnaðurinn hefur nær algjörlega lagst af í Frakklandi og slegist er um störf. Eftir tíu mánuði í örvæntingarfullri atvinnuleit ákveður Bruno að taka málin í sínar hendur og ganga frá þeim sem eru með betri ferilskrár en hann. Öxin skýtur föstum skotum á alþjóðavæðinguna með kolsvartan húnur að vopni en fjallar um leið um mannlega örvæntingu af mikilli næmni. Myndin er byggð á samnefndri sögu Donald E. Westlake, en meðal annarra mynda sem gerðar hafa verið eftir sögum þess ótula rithöfundar er hin sígilda Lee Marvin mynd Point Blank.

→ José Garcia, one of France's most acclaimed comedic actors, plays Bruno, a middle aged chemist that's been fired. He has no success in finding a new job, the industry is almost dead in France and all jobs have been exported to Eastern Europe or Asia. After 10 months of search Bruno decides to take matters into his own hands. He decides to eliminate the competition by killing all those that have a better CV. The Ax tackles globalization with gallons of dark humor, but also deals sensitively with human desperation. The film is based on a novel by Donald E. Westlake. Among other films made from this industrious writer's work is the Lee Marvin classic Point Blank.

Taktu kaffið með þér eða drekktu það á staðnum!
Italian coffee to go or to drink with us!



Ítalskur kaffibar - Skólavörðustíg 10 - 101 Reykjavík
Opnum kl. 7:30 / Open from 7:30

Hertex



*Erum með mikið af góðum vörum í
búðunum okkar að Garðastræti 6
(fatabúð) og Eyjarslóð 7 (Nytjamarkaður)
í Reykjavík og Hvannavöllum
10 á Akureyri (fatabúð og
nytjamarkaður)*

*Verið velkomin - gerið góð kaup og
styrkið gott málefni!*

GEYSIR

Bistro & Bar

Fresh Icelandic
specialities

Wide variety of
international
dishes



Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | 5174300

Miðnæturbíó Midnight Movies Löng helgi Long Weekend

Colin Eggleston
(AUS) 1978
92 min, 35mm



Regboginn → Long Weekend (1978) er ekki aðeins gullmoli Ozploitation-tímans heldur gleymd laumuklassík hryllingssögunnar. Þar segir frá hjónum á barmi skilnaðar sem halda í ferð að afskekktu strönd til að reyna að bæta sambandið. Þau sýna náttúrunni enga virðingu og smátt og smátt fer náttúran að snúast gegn þeim. Umhverfið verður ókennilegt og ógnandi en öll skrímsli eru fjarri góðu gamni því hryllingurinn liggur í smáatriðunum og stemningunni sem lokkar áhorfandann inn í ofsóknarbrjálæðið. Myndin fagnar 30 ára afmæli í ár og er sýnd af nýrri filmu. Endurgerð er í vinnslu um þessar mundir og því hvetjum við alla til að nýta tækifærið og sjá upprunalega verkið á stóru tjaldi.

Á undan myndinni verður sýnd stuttmyndin Violence in the Cinema, part 1 (1971) eftir George Miller, leikstjóra Mad Max trílógíunnar. Þar er fjallað á beinskeittan hátt um risandi ofbeldisöldu í kvikmyndum.

→ Long Weekend (1978) is not only a golden nugget of the Ozploitation-era but also a forgotten classic of horror cinema. A young married couple on the brink of a divorce head into a secluded beach to try to work out their problems. They have no respect for their surroundings and slowly nature starts turning against them. The environment becomes uncanny and threatening, but no monsters are involved – rather, the horror lies within the detailed atmosphere that lures the audience into the seething paranoia. The film celebrates its 30th anniversary this year and is projected from a new film print. A remake is on the way and therefore we encourage everyone to grab the opportunity to watch this original work on the big screen.

Screening before the feature is the short film Violence in the Cinema, part 1 (1971) by George Miller, director of the Mad Max trilogy, where the rising wave of violent cinema is discussed in a very straightforward manner.

→ Markmið miðnæturbíós Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík er að lýsa upp skúmaskot kvikmyndaheimsins sem vilja glemast þegar litið er yfir kvikmyndasöguna. Hér er sérstaklega átt við myndir í ódýrari kantinum, b-myndir ýmiss konar, tilraunakenndar myndir sérvitra leikstjóra og fleiri verk sem hafa á einn eða annan hátt öðlast „költ“ gildi með tímanum. → The goal of RIFF's Midnight Movie program is to shed light to the dark corners of cinema. Here you will find films of the cheap variety, b-movies of all sorts, experimental works by eccentric directors and other pieces of alternative cinema that have in one way or another gained „cult“ status.

OZPLOITATION

Snemma á áttunda áratug síðustu aldar losnaði kyrrfilega um ritskoðunarhöft kvikmyndagerðar í Ástralíu og fjöldi leikstjóra nýtti sér það með aukinni áherslu á kynlíf og ofbeldi og jafnvel vafasama blöndu af báðum. Myndirnar ollu gjarnan hneykslan heima fyrir en sigldu vítt og breitt yfir höfin til að taka þátt í bílabíóum og miðnætursýningum. Hingað til hefur ekki verið litið á tímabilið sem heilsteyptan geira, heldur aðeins tilviljanakennt samansafn af litríkum b-myndum, en með tilkomu stimpilsins „Ozploitation“ hefur fæðst nýr undirflokkur. Hátíðin sýnir eitt lykilverka ástralskrar hryllingsmyndasögu ásamt stuttmynd til að varpa ljósi á Ozploitation.

OZPLOITATION

In the early 1970s censorship laws were greatly diminished for Australian cinema and many filmmakers made full use of this new freedom with added emphasis on sex and violence and sometimes a dubious mixture of both. These films caused some shock and outrage in the homeland but sailed wide and far across the oceans to take part in drive-ins and grindhouse screenings the world over. Until now this period has not been seen as a specific genre of sorts, but with the creation of the „Ozploitation“ stamp a new sub-genre has been born. RIFF screens one of the key works of Australian horror cinema along with an accompanying short film to turn the spotlight on Ozploitation.

nationalcar.is



Go your own way!

Competitive rates and great choice of makes and models available wherever you're travelling.

National Reservations Centre +(354) 461 6000



13 Rental locations around Iceland.

Reykjavík • Keflavík-Apt • Borgarnes • Ólafsvík • Ísafjörður • Sauðárkrúkur • Akureyri
Vopnafjörður • Egilsstaðir • Neskaupstaður • Höfn • Vestmannaeyjar • Hveragerði

Kung Fu kvöld Páls Óskars Páll Óskar Kung Fu Night



Bæjarbíó Hafnarfirði

02.10 | 21:00
Sýningin
stendur í
rúmlega 2
klukkutíma,
með hléi og
Grindhouse
treilerum á
milli.

Bæjarbíó Hafnarfirði

02.10 | 9 pm
The show
is around
2 hours
long, with
intermission
and
Grindhouse
trailers
between.

→ Getur þú ímyndað þér 8 mínútna útgáfu af „Gone With The Wind“? Löngu fyrir daga VHS og Beta varð fólk að láta sér lynda að horfa á kvikmyndir heima hjá sér á hinu svokallaða Super 8mm formi. Stundum voru myndir í fullri lengd klipptar niður í 8 mínútur (án samþykkis leikstjórans) og sýndar þannig. Upplifunin er eins og að horfa á mjög langan treiler. Páll Óskar á vafalaust landsins stærsta safn af Super 8mm spólum og mun sýna úrval af klassískum Kung Fu myndum frá áttunda áratugnum á borð við Fists of the Double K (1973) með Jackie Chan, leikstjóri John Woo (8 mín), The Hong Kong Connection (1979), leikstjóri Chia Yung Liu (8 mín), Godfathers of Hong Kong (1974), leikstjóri Shu Mei Chin (8 mín), Thunder Kick (1973), leikstjóri Wing-Cho Yip (8 mín) og hina gullfallegu Enter the Dragon (1973) með Bruce Lee (60 mín). Minna mas, meiri hasar. Spennið beltin fyrir besta partíbbíó ársins. Pylsur, popp og kók í anddyri, eins og í alvöru „Grindhouse“ bíó.

→ Fasten your seatbelts for a real “Grindhouse” experience when icelandic popstar Paul Oscar hosts the KUNG FU THEME NIGHT from his own private collection, presented here in the long extinct film format Super 8mm. Get ready for the best cinematic party of the year, with hot dogs, popcorn, trailers, intermissions, et al. Highlights include selected scenes from such 70s Kung Fu classics as Fists of the Double K (1973) starring Jackie Chan, directed by John Woo (8 min), The Hong Kong Connection (1979), directed by Chia Yung Liu (8 min), Godfathers of Hong Kong (1974), directed by Shu Mei Chin (8 min), Thunder Kick (1973), directed by Wing-Cho Yip (8 min) and the gorgeous Enter the Dragon (1973) starring Bruce Lee (60 min). A little less conversation, a little more action, please.



Það er Sláturfélagi Suðurlands sönn ánægja að hafa boðið landsmönnum nær og fjær upp á sannkallaðar gæða- og sælkeravörur í meira en heila öld og þannig gefið þeim tækifæri til þess að gleðjast með ættingjum, vinum á góðum stundum. Við höldum því svo sannarlega áfram. Verði ykkur að góðu.

Reykjavík's largest mall

In **Kringlan mall** you will discover more than 150 quality shops, varied restaurants and diverse services such as banks and a multiplex cinema. Kringlan offers a variety of international brands, including Boss, Karen Millen, Zara, Sand, Marc O'Polo, Oasis, Vero Moda and many more, as well as 66°North and Icelandic designs and souvenirs.



For your convenience, you can bring your tax-free cash refund to our service desk and reclaim up to 15% of the VAT.

Kringlan mall is only 5 minutes from the city centre by car or bus.



Mon. to Wed.	Thursday	Friday	Saturday	Sunday
10.00-18.30	10.00-21.00	10.00-19.00	10.00-18.00	13.00-18.00

Kringlan

Bílabíó Kringlan 2. hæð Dagvaktin Sódóma Reykjavík Drive-In Movie Kringlan Dayshift Remote Control

28. sept,
kl. 20.00

→ Þú þarft ekki fimm háskólapróf til að koma á Bílabíó, bara bílpróf (eða keyrandi vin) og miða.

Í Bílabíóinu býðst hátíðargestum að berja augum nýja og eldri klassík, en næturlíf Reykjavíkur og dagvinna á landsbyggðinni sameinast á hvíta tjaldinu fyrir utan Kringluna.

Sýndir verða gullmolar í íslenskri kvikmynda- og þáttagerð, þar á meðal er frumsýning á einum eftirvæntasta sjónvarpsþætti Íslands á seinni tímum. Annar þáttur Dagvaktarinnar verður frumsýndur samhliða sýningum í sjónvarpinu og hin ódauðlega klassík Sódóma Reykjavík snýr aftur á hvíta tjaldið.

Bílabíóið fer fram á annarri hæð Kringlubílastæðisins. Verður þá öllu hljóði sýningarinnar útvarpað á tíðninni 91.9 svo allir kvikmyndaunnendur geti komið sér vel fyrir í bílum sínum, kveikt á græjunum og notið krásarinnar. Svo er aldrei að vita nema það verði eftirpartí í Dúfnahólum 10.

→ *You don't need five university degrees to come to the Drive-In Movie, just a driving license and a ticket. In the Drive-In Movie we give festival goers the chance to see both new and older classics when the Reykjavík nightlife and a day-job in the countryside come together on the silver screen outside the Kringlan mall.*

We will screen some of the best of Icelandic television and filmmaking, including a premiere of one of the most anticipated tv-shows in Iceland. The second episode of the Dayshift (Dagvaktin) will premiere at the same time as the television premiere and the immortal Icelandic classic Remote Control (Sódóma Reykjavík) returns to the silver screen.

The Drive-In Movie will take place on the second storey of the Kringlan parking lot. All sound will be broadcasted through radio on the frequency 91.9 so that all movie-lovers can get comfortable in there cars, turn on the stereo and enjoy the feast.



VIÐ BÚUM TIL
STJÖRNUR



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

HÖFUM OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR Á VORÖNN

KVIKMYNDASKÓLINN FLYTUR Í NÝTT HÚSNÆÐI VOR 2009

KVIKMYNDASKÓLI.IS



Hjaltalín tónleikar

Hjaltalín in Concert



Bæjarbíó
3.10 | 20:00

Nú mætir þetta sígilda verk, Saga Borgarættarinnar, glænýrri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar Hjaltalíns. Sveitina þarf vart að kynna, en hún hefur verið með þeim vinsælli undanfarna mánuði. Fyrst vakti hún athygli með laginu „Goodbye July/Margt að ugga“ sem kom út síðasta vor og þegar nær dró jólum kom út platan Sleepdrunk Seasons sem fékk frábærar viðtökur alls staðar og seldist vel og gerir raunar enn. Hjaltalín hlaut fimm tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna og hlaut tvenn verðlaun – sem bjartasta vonin og fyrir bestu lagasmíðarnar. Hún átti enn fremur sumarsmell ársins í ár, endurútsetningu á lagi Páls Óskars „Þú komst við hjartað í mér“. Hæfileikar sveitarinnar í lagasmíðum og útsetningum njóta sín til fullnustu á þessari einstöku sýningu sem verður ekki endurtekin. → This classic work will now meet the brand new music of Hjaltalín. This band has stormed through the charts in the last few months, ever since the release of their first single “Goodbye July/Margt að ugga” in the spring of 2007. Their debut album Sleepdrunk Seasons was released in December to critical acclaim and great sales. Hjaltalín received five nominations at the Icelandic Music Awards and won the “best newcomer” and “best songwriter” awards. Their single “Þú komst við hjartað í mér” was for many the soundtrack to last summer. Their amazing blend of classical and rock instruments will surely complement Sons of the Soil in an enchanting one-off event not to be missed.



Viðburðurinn er skipulagður í samstarfi við stofnun Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri og Kimi Records.

This event is made possible by the kind support of The Gunnar Gunnarsson Institution and Kimi Records.

Friðartónleikar – Frá Indlandi til Íslands

Peace concert – From India to Iceland



Ráðhúsið
City Hall
29.9 | 17:00

„Hann er yngsti 77 ára maður mannkynssögunnar“ – T.C. (Teri) McLuhan leikstjóri

David Amram hefur samið meira en 100 tónverk, þar á meðal fyrir kvikmyndir á borð við Splendor in the Grass og The Manchurian Candidate. Hann hefur spilað á tónleikum með mönnum á borð við Dizzy Gillespie, Thelonious Monk og Tito Puente. Í slagtogi við Pétur Grétarsson og fleiri mun Amram standa fyrir sérstökum tónleikum í tengslum við heimsfrumsýningu myndarinnar Óbyggða-Gandhi, sem hann samdi tónlistina við. Á dagskrá verður etnógrafískur djass og þeir félagar taka meðal annars djassútgáfu af Hani, krummi, hundur, svín, enda á Amram myndarlegt safn af íslenskum lögum. Rétt eins og leikstjórinn Teri McLuhan hefur hann heimsótt þessi landamærasvæði Pakistan og Afganistan enda ferðast mikið á sínum 77 árum og tileinkað sér tónlistarstíla víðsvegar að úr heiminum. Hann hefur auk þess skrifað tvær minningabækur, Vibrations og Upbeat: Nine Lives of a Musical Cat. Fjölhæfni hans líkur þó ekki þar, því hann hefur einnig verið þekktur fyrir að semja rimandi lagatexta á staðnum á miðjum tónleikum. Það kemur í ljós hvort hann tekur upp á því hér, en tónleikarnir hefjast kl. 17.00.

→ „He’s the youngest 77 year old in history“ – T.C. (Teri) McLuhan director

David Amram has composed more than 100 orchestral and chamber music works, as well as the scores for several films, including Splendor in the Grass and The Manchurian Candidate. He has performed with people like Dizzy Gillespie, Thelonious Monk and Tito Puente. Amram will also host a special concert with his own work in relation to the world premiere of the film The Frontier Gandhi, which he composed the soundtrack for. He’ll play a concert with Pétur Grétarsson where ethnographic jazz will be on the menu, including famous Icelandic nursery rhyme Hani, krummi, hundur, svín (Rooster, Crow, Dog, Pig), but Amram is very well versed in Icelandic music and collects Icelandic music. Just like the director, Teri McLuhan, he has visited the border area of Pakistan and Afghanistan where the movie takes place, but he has done some extensive travelling in his 77 years and mastered musical styles from around the globe. He has also published two books of memoirs, Vibrations and Upbeat: Nine Lives of a Musical Cat. That’s not the end to his many talents though, he’s also been known to compose rhyming lyrics on the spot in the middle of a concert. We’ll find out on the concert at City Hall whether he’ll do it here, but the concert starts at 5pm.

Ungar hetjur

– heimildamyndir fyrir börn og unglinga í Norræna húsinu

Young Heroes

– Docs for Kids in the Nordic House

→ Börn hafa lengi verið sveltur áhorfendahópur þegar kemur að heimildamyndum. Þær myndir sem hafa verið gerðar fyrir börn eru yfirleitt frekar fyrir sjónvarp en bíó. Það er þó að breytast og í ár býður kvikmyndahátíð, í samvinnu við Goethe-Institut, upp á þrettán heimildamyndir fyrir börn sem skipt verður í fjóra mismunandi aldursflokka. Aldursflokkarnir eru aðeins til þess fallnir að gefa lauslega hugmynd um áherslur flokkanna. Þarna verða sýndar myndir sem krakkar á öllum aldri ættu að geta haft gaman af og eins er óhætt að mæla með að ævintýragjarnir fullorðnir bíógestir liti við. Myndirnar koma frá Frakklandi, Þýskalandi, Danmörku, Hollandi, Póllandi, Svíþjóð og Eistlandi, en sérstaka athygli vekur hve margar myndir koma frá jafn litlu landi og Hollandi, eða 6 myndir af 13. Ástæðan fyrir því er nærtæk, barnaheimildamyndir hljóta myndarlega styrki í Hollandi og á heimildamyndahátíðinni í Amsterdam eru börn hvött til þess að leggja til eigin hugmyndir af heimildamyndum. Niðurstaðan er um 250 tillögur sem skila á endanum einum tíu heimildamyndum ár hvert og þá er bara átt við myndir sem spretta upp úr hátíðinni. Þetta sannar að jarðvegurinn fyrir heimildamyndir ætlaðar börnum er svo sannarlega frjór, nú þarf bara að sá. Vonandi sá þessar sýningar nokkrum fræjum. → Children have long been a neglected audience when it comes to documentaries and the few that are made for them tend to be made with TV in mind. That is changing however and this year the festival will, in co-operation with the Goethe-Institut, offer thirteen documentaries for children that are divided into four different programs, organized by different age groups. Those age groups are nevertheless only guidelines and the program will show films kids of all ages should enjoy and some adventurous adult film goers as well. The movies come from France, Germany, Denmark, Holland, Poland, Sweden and Estonia. It is in fact curious how many picture here come from little Holland, or 6 out of 13. The reason is that documentaries for children receive good funding in the Netherlands and on the Amsterdam Documentary Festival children are encouraged to present their own ideas and stories for documentaries. Every year some 250 ideas result in some ten movies, and that's not even counting all the other activities in the dutch film business. This proofs that the soil for children's documentaries is certainly fertile, now it only needs to be harvested. Lets hope some seeds are sown here.

10 ára og yngri 10 and below

→ Yngstu áhorfendunum er boðið upp á innsýn í veröld Lunars, ellefu ára kólombíssks drengs, Vanessu, ellefu ára áhættuleikkonu og ótal fjölda danskra býflugna auk þess sem myndin Leikum okkur sýnir okkur leik barna í Frakklandi, Portúgal og Spáni.

→ *The youngest audience are offered insight into the worlds of Lunar, an eleven year old colombian boy, Vanessa, an eleven year old stuntgirl and a lot of danish bees. Then there is the series Let's Play which shows children playing games in France, Portugal and Spain.*

10 – 12 ára 10 – 12 years

→ Hér fylgjumst við með stelpu í Sri Lanka og strák í Kólombíu. Svo sjáum við líka Samúel sem talar við spangirnar sínar og Adrian sem æfir ballett af miklum móð.

→ *Here we follow a girl in Sri Lanka and a boy in Colombia. We also see Samuel who speaks to his braces and Adrian that practices ballet.*

12 – 14 ára 12 – 14 years

→ Skólaskipti er þriggja mynda sería þar sem nokkrir krakkar prófa að fara í nýjan skóla í eina viku. Joeri fer í kristilegan skóla, Junior í opna skólann og Asha í íslamska skólann. Hér hittum við líka fyrir hinn pólska Tom sem sér fyrir fjölskyldunni sinni þótt hann sé bara tólf ára, hinn kólombíska Lunar og Giancarlo, perúskan strák sem er ólöglegur innflytjandi í Svíþjóð.

→ *The School Swap is a three movie series where three different kids go to a different school than usually for a week. Joeri goes to a Christian School, Junior to the Free School and Asha to the Islamic School. Here we also meet the polish Tom who provides for his family despite being only twelve, the Colombian Lunar and Giancarlo, a Peruvian boy that is an illegal immigrant in Sweden.*

14 ára og eldri 14 and older

→ Við hittum fyrir Zezil og Kristopher sem bæði eru nokkuð utangátta. Zezil upplifir sig sem útlending í eigin landi, því þótt hún sé dönsk þá er hún af arabískum ættum. Kristopher er aftur á móti afskaplega létt þegar hann ákveður að opinbera það fyrir fjölskyldu sinni og vinum að hann sé samkynhneigður. Loks fylgjumst við með deginum þegar Eistland gekk í Evrópusambandið – sem var sömuleiðis dagurinn sem Mikk, Kristo og Sascha urðu áttján ára.

→ *Here we meet Zezil and Kristopher who are both outsiders in their own way. Zezil feels like a foreigner in her own country, because while she is Danish she has arabian ancestors. Kristopher on the other hand is really relieved when he decides to tell his family and friends that he is gay. Finally we follow the day Estonia joined the EU – but particularly we follow Mikk, Kristo and Sascha who turned 18 that same day.*

10 ára og yngri 10 and below

Myndir Lunars
Lunar's Images
A díos
(FRA) 5 min.

Leikum okkur
Let's Play
Jouons
(FRA) 39. min.

Býflugnabær
City of Bees
Byernes by
(DK) 30 min.

Vá! Vanessa – Stóra stökkið
Wow!
Vanessa
– The Big Jump
Stark!
Vanessa der große Sprung
(GER) 15. min.

10 – 12 ára 10 – 12 years

Myndir Lunars
Lunar's Images
A díos
(FRA) 5 min.

Ayla, tsúnamistúlkan
Ayla, the Tsunami Girl
Ayla, het tsunami meisje
(NED) 15 min.

Samúel og spangirnar
Samuel, Condemned to Dental Braces
Samuel, veroordeelt tot de beugel

(NED) 15 min.

Skólaskipti – opni skólinn
The School Swap – The Free School
Wisselklaas – De frije School
(NED) 15 min.

Vá! Adrian getur dansað
Wow! Adrian Can Dance
Stark! Adrian tanzt
(GER) 15 min.

12 – 14 ára 12 – 14 years

Myndir Lunars
Lunar's Images
A díos
(FRA) 5 min.

Tómas W.
Tom W.
Tomek W.
(POL) 28 min.

Skólaskipti – Kristilegi skólinn
The School Swap – The Christian School
Wisselklaas – De christlijke School
(NED) 15 min.

Skólaskipti – íslamski skólinn
The School Swap – The Islamic School
Wisselklaas – De islamitische School
(NED) 15 min.

Falinn
Hidden
Gömd
(SWE) 8. min.

14 ára og eldri 14 and older

Veröld ZeZil
ZeZil's World
ZeZils Verden
(DK) 35 min

Léttir
Relieved
Opgelucht
(NED) 15 min

Til hamingju!
Congratulations!
(EST) 48 min

Inside Reykjavík

The Grapevine Guide



The only guide that tells you the talk of the swimming pools, how to find the best cafes, how to recover from all night parties, an A to Z of Icelandic music and what "Viltu kaffi?" can really mean.

Travel Guides Can Be Honest. Really!

Available at your nearest bookstore



Pilsner Urquell

– Opinber bjór Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík 2008



Pilsner Urquell hefur nú hlotnast sá heiður að verða valinn bjór Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík 2008.

Það var alþjóðleg nefnd sem að fékk það vandasama verk að finna rétta bjórinn sem gæti verið eitt af einkennum hátíðarinnar, bjór sem hefur sterkan karakter og framúrskarandi gæði – þessir eiginleikar ásamt frábæru bragði gerðu Pilsner Urquell að bjór Kvikmyndahátíðar Reykjavíkur.

Bjórsmökkunarnefnd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík 2008 skipa:

Garðar Stefánsson, Ísland
Laurent Jegu, Frakkland
Marlene Kelnreiter, Austurríki

Umsjón:
Garðar Stefánsson



Uppgötvun ársins Discovery of the Year

→ **Sigurmynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík 2008 hlýtur titilinn „Uppgötvun ársins“ og Gullna Lundann að launum. Myndir keppenda má sjá í flokknum Vitranir, en allar keppnismyndir eru annað hvort fyrsta eða önnur mynd leikstjóra. Verðlaunin eru hönnuð af nemendum við Myndlistarskólann í Reykjavík.**

→ The winner of RIFF's competition 2008 will be given the title "Discovery of the year" and awarded with the Golden Puffin. All the competing films can be seen in the New Visions category. All competing films are the first or second feature of the director.



Arsinée Khanjian er þekkt leikkona af armensku bergi brotin, fædd í Beirút en með kanadískan ríkisborgararétt. Arsinée hefur leikið í mörgum tuga mynda, og unnið meðal annars Genie-verðlaun (kanadíski óskarinn) fyrir leik sinn. Af myndum sem hún hefur leikið í má nefna Ararat, The Sweet Hereafter, Felicia's Journey, Exotica, Sabah og Aðdáun, sem sýnd er hér á hátíðinni, en Khanjian er einmitt eiginkona leikstjóra þeirrar myndar, Atom Egoyan. → Arsinée Khanjian is a well known actress of Armenian origin. Born in Beirut but a Canadian citizen, Arsinée has acted in dozens of films and won a Genie award (the Canadian Oscar) to name but one. On her filmography are such films as Ararat, The Sweet Hereafter, Felicia's Journey, Sabah and Adoration which is shown at the festival, but Khanjian is the wife of the film's director, Atom Egoyan.



